



**SKOÐUN** Hver segir mannslíf minna virði en skipulagsvald Reykvíkinga? spyr Guðmundur Andri Thorsson. **15**



**MENNING** Sverrir Rolf Sander hjólaði frá Berlínar til Parísar í minningu föður síns. **30**



**SPORT** Íslenska karlalandsliðið þarf að brjóta hefðina til þess að halda HM-draumnum á lífi annað kvöld. **26**

**OPÍÐ 24 TÍMA**

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

**Iceland**

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
9. september 2013  
211. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

**FRÉTTIR**



**Minnisvarði á Akranesi**

Hugmyndir eru uppi um að reisa minnisvarða um árangur knattspyrnumanna frá Akranesi nefndan í höfuðið á Sigursteini Gíslasyni frá Akranesi. Á steininn yrðu rituð nöfn allra Skagamanna sem hafa unnið Íslandsmeistaratitil í knattspyrnu. **2**

**Vatnsmýri of dýr fyrir flugið** Samkvæmt grein hagræðingsins Sigurðar Jóhannessonar í Vísbandingu er landið í Vatnsmýrinni of dýrt til að skynsamlegt sé að nota það undir flugvöll. **10**

**Gufulögn skuli lögð** Stjórn OR hefur samþykkt að leggja gufulögn frá Hverahlíð til Hellsheiðarvirkjunar. Beðið er samþykkis eigenda. **6**



Bolungarvík	11°	SV	6
Akureyri	13°	SV	5
Egilsstaðir	15°	SV	4
Kirkjubæjarkl.	12°	SV	6
Reykjavík	10°	SV	7

**SKÚRIR** Í dag verða víðast suðvestan 5-10 m/s. Víða skúrir en úrkomulítið eystra. Hiti 10-18 stig. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Fólk



## Síðasta stjórn hafi forgangsraðað fyrir eftirlitsiðnaðinn

Guðlaugur Þórðarson alþingismaður segir síðustu ríkisstjórn hafa forgangsraðað í þágu eftirlitsiðnaðarins. Hann boðar að hann muni taka málið upp á þingi og í hagræðingarnefnd þar sem hann er varaformaður.

**EFNAHAGSMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar, gagnrýnir forgangsráðun síðustu ríkisstjórnar í ríkisfjármálum. Hans mat er að forgangsraðað hafi verið í þágu eftirlitsiðnaðarins.

Hann segist vilja draga úr fjárstreymi til eftirlitsstofnana og að hann muni leggja áherslu á það innan hagræðingarhópsins. Jafnframt ætli hann að leggja áherslu á sama mál innan fjárlaganefndar Alþingis og í þinginu.

Í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar sitja fjórir þingmenn auk embættismanna. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að full samstaða sé innan hópsins um að lækka framlög til eftirlitsstofnana og um að endurskipuleggja einhverjar af þeim eftirlitsstofnunum sem starfa á vegum ríkisins.

Guðlaugur hefur látið taka saman heildarfjárframlög til eftirlitsstofnana ríkisins á síðasta kjörtímabili, þar sem fram kemur að eftirlitsstofnanir ríkisins kostuðu 8,5 milljarða króna árið 2008, en fjórum árum síðar hafi upphæðin hækkað í rúma 11,6 milljarða, eða um 37 prósent.

Af einstökum stofnunum má nefna að útvarpsréttarnefnd, sem varð fjölmiðlanefnd, fékk 17,5 milljónir í upphafi kjörtímabilsins en í lok þess voru heildarfjárlögin orðin 38,5 milljónir. Framlög hækkuðu því um 120 prósent. Fjármálaeftirlitið, sem að langstærstum hluta er fjármagnað af fjármálsstofnunum, fékk rúman milljarð árið 2008 en árið 2012 nam upphæðin rúmum 1,8 milljarði króna, sem er 69 prósent hækking.

Guðlaugur segir að miðað við stærð eftirlitsiðnaðarins ætti bankakerfið til dæmis að vera fullkomið. Það ætti að vera komin niðurstaða í skuldamál heimilanna en það sé fjarri því að svo sé. Það sé eitthvað að kerfinu því fjármagn í það skorti ekki. Annað sem hann tekur sem dæmi er að þrátt fyrir allt eftirlit með matvælu hafi fólk verið seldar kjötbökur án kjöts.

„Ég vil endurskipuleggja eftirlitsiðnaðinn og ná fram hagræðingu. Við verðum að vernda heilbrigðiskerfið, menntakerfið, félagslega öryggiskerfið og löggæsluna. Um það held ég að við séum öll sammála. Í þessum geirum hefur verið mikill niðurskurður á meðan eftirlitsiðnaðurinn hefur stækkað. Það verður að forgangsraða upp á nýtt,“ segir Guðlaugur Þór.

- jme / sjá síðu 4



**HEIMAMENN NÝTA HVALINA** Grindahvalavaða kom á land við Rif á Snæfellsnesi seinnipart laugardags. Um 50 til 70 hvalir komu inni í höfnina við Rif í gær og mun fleiri hvalir voru fyrir utan höfnina. Heimamenn hófu strax að nýta hvalina eins og sést á meðfylgjandi mynd. **Sjá síðu 8**

## Nýjung í fyrirsætukeppni: Strákarnir taka nú þátt í Elite

**FÓLK** Elite Model Look, leitin að næstu ofurfyrirsætu, verður haldin 26. september.

Þetta er stærsta fyrirsætukeppni í heimi og býðst nú íslenskum strákum tækifæri til þátttöku.

„Við hjá Elite finnum fyrir miklum áhuga hjá strákum sem vilja taka þátt og margir foreldrar hafa haft samband við okkur, þar sem þeir vilja vita um hvað keppnin snýst,“ segir Margrét Jónsdóttir hjá fyrirsætumboðsskrifstofunni Elite á Íslandi.

Margrét segir að markaðurinn valdi því að strákarnir fá núna fyrst að taka þátt.

- áo/sjá síðu 30

Aðgerðaleysi í uppbyggingu raforkuflutningskerfis kostar tugi milljarða:

## Rafmagnsleysi verður enn tíðara

**ÍÐNAÐUR** Kostnaður af því að láta raforkuflutningskerfi landsins reka á reiðanum er líklega 6,1 milljarður króna á ári. Þetta kemur fram í skýrslu sem Jón Vilhjálmsson hjá EFLU og Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík hafa unnið fyrir Landsnet. Niðurstaða þeirra er að verði

flutningskerfið ekki eflt geti kostnaður þjóðfélagsins numið á bilinu 36 til 144 milljörðum fram til ársins 2040. Öbreytt flutningskerfi er sagt hamla vexti raforkunotkunar, valda minni hagvexti og hafa áhrif á byggðapróun. Verði ekki brugðist við telja skýrsluhöfundar ljóst að raforkunotendur

komi á næstu árum til með að upplifa tíðara rafmagnsleysi auk þess sem olíunotkun aukist. „Hjá Landsneti er komið upp það ástand að þeir sjá fram á það á næstu árum að geta ekki annað almennilega afhendingu raforku í vissum landshlutum,“ segir Jón Vilhjálmsson, annar skýrsluhöfundur. - óká / sjá síðu 8

**ÁSTRÍÐU-FULL OG ÁLEITIN**

LÆTUR ENGAN ÓSNORTINN

www.forlagid.is  
- alvöru bókaútdráttur á netinu

**Kassakerfi & sjóðsvélar**  
á betra verði

**WINCOR NIXDORF**

STOFNAÐ 1953

**OPTIMA**

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa

Ómissandi

**SMJÖR**



## SPURNING DAGSINS



„Tómas, er ekki ræktun á hunangi fyrir bý?“

„Nei, vaxtarbroddurinn er hjá býbændum.“

Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, stóð fyrir uppskeruhátíð um helgina þar sem gestir garðsins gátu smakkað á uppskeru íslenskra býflugnabænda.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir stuðning við hernaðaraðgerðir fara vaxandi:

## Sádi-Arabar styðja aðgerðir gegn Sýrlandi

**ERLENT** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tilkynnti á blaðamannafundi í París í gær að leiðtogar Sádi-Arabíu hefðu ákveðið að styðja mögulega hernaðarhlutun Bandaríkjanna í Sýrlandi.

Tíu ríki hafa lýst yfir stuðningi við áform Bandaríkjastjórnar.

Kerry var á ferð um Evrópu um helgina til að safna stuðningi við loftárásir sem Bandaríkjastjórn vill beina gegn sýrlenskum stjórnvöldum. Hann hefur áður sagt að Bandaríkjameinn hafi sannanir

fyrir mannskæðum efnavopnarárásum sýrlenskra stjórnvalda í Damaskus, höfuðborg Sýrlands, í síðasta mánuði, sem kostuðu um fjórtán hundruð manns lífið. Kerry fundaði meðal annars með utanríkisráðherra ESB-ríkjanna. Þeir hafa fordæmt efnavopnarársina en sagst vilja bíða með ákvörðun um hernaðarhlutun þangað til skýrsla vopnaeftirlitssveitar Sam-einuðu þjóðanna verður birt.

Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, neitaði því að vera á

bakvið efnavopnarárásirnar í viðtali við bandarísku sjónvarpsstöðina CBS sem sýnt verður í kvöld. Hann vildi þó ekki staðfesta hvort sýrlensk stjórnvöld búi yfir efnavopnum og sagði Bandaríkin þurfa að koma með sannanir um aðild hans að árásum. Assad hefur áður kennt uppreisnarmönnum í landinu um árásirnar.

Bandaríkjaþing mun koma saman í dag og greiða atkvæði um mögulegar hernaðaraðgerðir gegn Sýrlandi.



**LEITAR STUÐNINGS** Bandarísk stjórnvöld hafa tryggt sér stuðning tíu ríkja við hernaðaraðgerðir gegn Sýrlandsstjórn.



**BINDUR SKÓREIMARNAR** Þessi hermaður kom félaga sínum til hjálpar í gær. NORDIC/PHOTOS/AFP

Pakistanskur hermaður gengur í nauðsynleg störf:

## Batt skóreimarnar fyrir félagann

**PAKISTAN** Pakistanskur hermaður aðstoðaði féлага sinn áður en kveðjuathöfn fyrir forseta landsins hófst við forsetahöllina í Islamabad í gær.

Asif Ali Zardari er fyrsti forseti landsins sem starfar í fullt kjörtímabil. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir að bera ábyrgð á slæmu efnahagsástandi þjóðarinnar. Hann var forseti landsins í fimm ár. - b1

Nýtt kerfi í Danmörku:

## Ljóstra upp um starfsfélagana

**DANMÖRK** Danska stjórnarsýslan skoðar hvort samræmt upp-ljóstrunarSKIPULAG, þar sem starfsmenn geta látið nafnlaust vita ef vinnufélagar standa sig ekki eða misnota aðstöðu sína í starfi, sé hentug lausn fyrir starfsstaði rekna af hinu opinbera.

Nú þegar er notast við slíkt skipulag í Kaupmannahöfn og Frederiksberg og verið er að skoða hvort innleiða eigi kerfið á öðrum stöðum.

Skriptar skoðanir hafa verið í Danmörku um kosti slíks skipulags og mikið deilt um málið. Margir hafa áhyggjur af því að það skapi neikvæða vinnuvenningu og misnotkun geti leitt til vinnustaðaeineltis og óréttlátra ásakana. - ebg

Blaðamanni rænt:

## Laus úr haldi eftir fjóra daga

**SÝRLAND** Ítalska blaðamanninum Domenico Quirico, sem var rænt í Sýrlandi í apríl síðastliðnum, hefur verið sleppt úr haldi, samkvæmt ítalska utanríkisráðuneytinu. Honum var rænt þegar hann var að störfum fyrir ítalska dagblaðið La Stampa í Sýrlandi. Hann hefur verið fréttaritari á þessum slóðum í mörg ár. Hann fór til Sýrlands 6. apríl síðastliðinn en fjórum dögum síðar hvarf hann. Eigin-kona hans fékk símtal frá honum í júní þar sem hann sagði að honum hefði verið rænt en að hann hefði það gott. Hann flaug heim til Ítalíu í gærkvöldi en ekki er búið að hafa hendur í hári mannræningjanna. - ebg

# Sigursteinninn verði reistur á Akranesi

Hugmyndir eru uppi um að reisa minnisvarða um árangur knattspyrnumanna frá Akranesi nefndan í höfuðið á Sigursteini Gíslasyni frá Akranesi. Á steininn yrðu rituð nöfn allra Skagamanna sem hafa unnið Íslandsmeistararitil í knattspyrnu.

**FÓLK** Myndlistarmaðurinn Bjarni Skúli Ketilsson hefur unnið drög að minnisvarða um árangur knattspyrnumanna frá Akranesi. Steininn vill hann nefna í höfuðið á knattspyrnuhettjunni Sigursteini Gíslasyni frá Akranesi.

Bjarni, sem er betur þekktur undir listamannsnafninu Baski, vill reisa minnisvarðann á æfingarsvæðinu hjá Akranesvelli og hefur sent bæjarstjórn Akranesbæjar erindi þess efnis.

„Mín hugmynd er að hafa stein sem geymir nöfn allra sem einhvern tímann hafa orðið Íslandsmeistarar með Akranesi í fótbolta, og þá á ég við alla flokka stelpna og stráka frá 1946 til dagsins í dag,“ segir Baski. Hann segir steininn jafnframt hugsaðan sem hvatningu fyrir unga fólk til að standa sig vel.

„Ég er búinn að grafa upp nærri þúsund nöfn en síðan verða auðir fletir fyrir komandi kynslóðir til að koma á.“

Aðspurður um tilkomu hugmyndafrönnar segir Baski að nafn Sigursteins hafi kveikt hana. „Ég kom með þessa hugmynd fljótlega eftir að Steini lést. Mér fannst þetta góð hugmynd þar sem nafnið hans þýðir í raun sá sem vinnur.“

Baski segir steininn alls ekki hugsaðan sem sorgarstein heldur sem hvatningu fyrir unga fólk til að ná langt. „Steini vildi hvorki láta syrgja sig né annað. Steininn er því hugsaður sem hvatningarsteinn fremur en sorgarsteinn.“

Þrátt fyrir að vera búsettur í



**FRUMDRÖG** Svona hugsar Baski sér að sigursteinn gæti litið út. Bæjastjóri Akranes segist fullviss um að steininum verði fundinn góður staður.

## Einn sigursælasti leikmaður allra tíma

Knattspyrnukappinn Sigursteinn Gíslason lést úr krabbameini árið 2012. Hann lék lengst af með ÍA og KR en á ferli sínum vann hann níu meistaratitla í efstu deild og þrjú bikarameistararitla auk fjölda annarra sigra í öðrum keppnum.

Hollandi ber Baski sterkar taugar til Akranesbæjar. „Ég er sjálfur fæddur og uppalinn á Akranesi og er mjög annt um minn heimabæ. Því væri mjög gaman að fá tækifæri til að gera verk fyrir Akranes,“ segir Baski.

Hann segir kostnað við verkið vera um fjórar til fimm milljónir, lauslega reiknaðar þegar allt er talið, og leitar nú styrktaraðila að verkinu.

Bæjarstjóri Akranesbæjar, Regína Ásvaldsdóttir, segir bæinn taka vel í hugmyndina en að bærin vilji fyrst fá afstöðu Íþróttabandalagsins til verkefnisins.

„Bæjarfélagið hefur almennt ekki forystu um verkefni sem þessi en við höfum hins vegar eitthvað að segja um staðsetninguna. Ég er viss um að við getum fundið þessu verkefni góðan stað á Akranesi,“ segir Regína. elimar@frettabladi.is

Kona sem grunuð er um vændi hafði oft komið til Íslands á 5 ára tímabili:

## Kom 30 sinnum til vændisstarfa

**LÖGREGLUMÁL** Konan sem handtekin var í lok síðasta mánaðar vegna rannsóknar á meintri vændisstarfsemi er talin hafa komið hingað til lands um það bil þrjátíu sinnum á um fimm ára tímabili, í þeim tilgangi að stunda hér vændi, að því er heimildir Fréttablaðsins herma.

Konan, sem er frá Lettlandi og tæplega fertug að aldri, var handtekin vegna gruns um að hún tengdist mansalsstarfsemi og stæði að flutningi ungra kvenna til landsins vegna vændisstarfa. Síðar kom í ljós að hún hefði sjálf stundað vændi undir mismunandi nöfnum. Hún auglýsti þjónustu sína meðal annars undir formerkjum nuddstarfsemi.

Ásamt henni var íslenskur karlmaður á sviðuðum aldri handtekinn en hann er talinn hafa aðstoðað konuna við starfsemina. Þau voru dæmd í vikulangt gæsluvarðhald en var sleppt úr haldi á föstudag. Konan var úrskurðuð í farið til 20. september.

Lögreglan á Suðurnesjum, sem hefur rannsókn málsins með höndum, yfirheyrði nokkra tugi meintra viðskiptavina konunnar vegna málsins. - þj



**LÖGREGLUSTÖÐIN Í KEFLAVÍK** Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar mál konu sem er talin hafa komið um 30 sinnum til landsins í þeim tilgangi að stunda hér vændi. Hún er laus úr gæsluvarðhaldi en hefur verið úrskurðuð í farið til 20. þessa mánaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!**

Opnadh eyrum byrjað tekibærinu

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



FIND **NEW** ROADS™



## VOLT: LANGDRÆGUR RAFMAGNSBÍLL



### EINI BÍLL HEIMILISINS

Volt tilheyrir nýjum flokki bíla; langdrægum rafbílum (E-REV Extended Range Electric Vehicle). Hann er knúinn áfram af rafdrifinu öllum stundum og kemst um 60 km á rafhleðslunni einni saman. Ef þú vilt aka lengra, tekur bensínknúinn rafall við, viðheldur hleðslunni og lengir ökudrægið yfir 500 km. Þú þarft ekki lengur að velja á milli sparneytni og notagildis; Chevrolet Volt getur hæglega verið eini bíllinn á heimilinu.



WORLD GREEN CAR  
WORLD CAR AWARDS



Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

**Bílaúð**  
**Benna**  
— Sérfræðingar í bílum —



SVONA ERUM VIÐ



**188.300** manns á aldrinum 16-74 ára voru á vinnumarkaði á öðrum ársfjórðungi 2013.

Af þeim voru 175.500 starfandi og 12.900 án vinnu og í atvinnuleit.

Heimild: Hagstofan.

# Deiluaðilar í makríldeilunni funduðu í Reykjavík um helgina: Makrílfundi lauk án niðurstöðu

**SJÁVARÚTVEGUR** Samningafundi í makríldeilunni lauk í gær án þess að samkomulag næðist í deilunni. Fundurinn, sem hófst að morgni laugardags, var haldinn í Reykjavík að frumkvæði Íslendinga.

Samninganefndir Íslands og Færeyja annars vegar og Evrópu-sambandsins og Noregs hins vegar reyndu að ná samkomulagi um skiptingu makrílkvótans en uppskáru ekki árangur erfiðis síns.

Íslendingar veida um 123 þúsund tonn af ráðlögðum heildarafla í ár og hafa krafist allt að 17 prósent hlutdeildar.

Evrópusambandið hefur hafið refsiaðgerðir gegn Færeyingum vegna síldar- og makrílveida þeirra og aðgerðir gegn Íslendingum hafa verið boðaðar.

Fundurinn var óformlegur en reglubundinn strandríkjafundur verður haldinn í Lundúnum í lok október.

elimar@frettabladid.is



**GRILLAD** Heimssýn og fleiri samtök sjálfs-stæðisinnna í Evrópumálum stóðu að makrílhátíð á Ingólfstorgi í gær í tilefni af samningafundinum í makríldeilunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Nasheed með flest atkvæði: Kosið aftur á Maldíveyjum

**MALDÍVEYJAR** Mohamed Nasheed, fyrrverandi forseti Maldíveyja, fékk flest atkvæði í forsetakosningum í landinu á laugardag.

Nasheed fékk 45 prósent atkvæða en þar sem hann fékk ekki meirihluta atkvæða verður kosið aftur á milli hans og frambjóðandans Abdulla Yameen.

Árið 2008 varð Nasheed fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Maldíveyja. Hann sagði af sér í mars 2012 þegar uppreisn var gerð í landinu.

- hg



**ÁFRÝJAR BANNI** Silvio Berlusconi vill geta gegnt opinberu embætti.

Berlusconi unir ekki banni: Áfrýjar málinu til Strassborgar

## Áfrýjar málinu til Strassborgar

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, hefur áfrýjað banni við að gegna opinberu embætti til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg.

Undirréttur á Ítalíu bannaði Berlusconi að gegna opinberu embætti næstu fimm ár þegar hann dæmdi Berlusconi í fjögurra ára fangelsi fyrir skattalagabrot í október síðastliðnum. Hæstiréttur Ítalíu staðfesti fangelsisdóminn í maí en vísaði banninu aftur til undirréttar.

Lögfræðingar Berlusconi segjast vongóðir um að Mannréttindadómstóllinn komist að annari niðurstöðu en undirrétturinn á Ítalíu.

- hg

Stjórn BSRB ályktar:

## Jafnlaunaátak haldi áfram

**JAFNRETTI** Í ályktun stjórnar BSRB, sem samþykkt var á fundi fyrir helgi, er ríkisstjórnin hvött til að halda áfram jafnlaunaátaki sem fyrri stjórn kynnti snemma á árinu. Í ályktuninni segir jafnframt að ríki og sveitarfélög eigi að vera leiðandi aðilar í baráttunni gegn því misrétti sem felst í launamun kynjanna. Niðurstöður nýrrar kjarakönnunar BSRB sýnir fram á 11,4 prósentu óútskýrðan kynbundinn launamun innan bandalagsins.

- ibs

# Segir „galið“ að forgangsraða í þágu eftirlitsiðnarins

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður og varaformaður í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar, vill draga úr fjárstreymi til eftirlitsstofnana ríkisins. Hann boðar breytta forgangsroðun verkefna á kjörtímabilinu.

**EFNAHAGSMÁL** „Að forgangsraða í þágu eftirlitsiðnaðarins er röng forgangsroðun. Forgangsroðunin hjá ríkinu var galin í tíð fyrri ríkisstjórnar.“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður og varaformaður hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar.

Guðlaugur Þór hefur látið taka saman heildarfjárframlög til eftirlitsstofnana ríkisins á síðasta kjörtímabili. Inni í tölunum eru bæði sértekjur viðkomandi stofnunar séu þær til staðar og þeir fjármunir sem hún fær frá ríkinu. Þar kemur fram að eftirlitsstofnanir ríkisins kostuðu 8,5 milljarða króna árið 2008 fjórum árum síðar hafði upphæðin hækkað í rúma 11,6 milljarða, eða um 37 prósent.

Af einstökum stofnunum má nefna að útvarpsréttarnefnd sem varð fjölmiðlanefnd fékk 17,5 milljónir í upphafi kjörtímabilsins en í lok þess voru heildarfjárlög-in orðin 38,5 milljónir, hækkunin er 120 prósent. Fjármálaeftirlitið, sem að langstærstum hluta er fjármagnað af fjármálstofnunum, fékk rúman milljarð árið 2008 en 2012 nam upphæðin rúnum 1,8 milljarði króna sem er 69 prósent hækkun. Hækkunin til Umboðsmanns skuldara sem tók yfir verkefni Ráðgjafastofu heimilanna er langmest. Ráðgjafastofan fékk rúmar 60 milljónir króna frá ríkinu árið 2008 en í lok kjörtímabilsins fékk umboðsmaður skuldara rúman 1,1 milljarð króna, hækkunin er 1707 prósent.

Guðlaugur Þór segir að hann vilji draga úr fjárstreymi til eftir-

litsstofnana og hann muni leggja áherslu á það innan hagræðingarhópsins. Jafnframt ætli hann að tala fyrir sama máli innan fjárlaganefndar Alþingis og í þinginu.

Hann segir að miðað við stærðina á eftirlitsiðnaðinum þá ætti til dæmis bankakerfið að vera fullkomið. Það ætti að vera komin niðurstaða í skuldamáli heimilanna en það sé fjarri því að svo sé. Það sé eitthvað að kerfinu því fjármagn í það skorti ekki. Annað sem hann tekur sem dæmi er að þrátt fyrir allt eftirlit hafi fólk verið seldar kjötbökur án kjöts.

„Ég vil endurskipuleggja eftirlitsiðnaðinn og ná fram hagræðingu. Við verðum að vernda heilbrigðiskerfið, menntakerfið, félagslega öryggiskerfið og löggæsluna. Um það held ég að við séum öll sammála. Í þessum geirum hefur verið mikill niðurskurður á meðan eftirlitsiðnaðurinn hefur stækkað. Það verður að forgangsraða upp á nýtt,“ segir Guðlaugur Þór.

Þegar Guðlaugur er spurður hvaða stofnanir hann vilji endurskipuleggja eða lækka fjárframlög til segist hann að svo komnu máli ekki vilja nefna neina eina, það komi í ljós á síðari stigum.

Í niðurskurðarhópi ríkisstjórnarinnar sitja fjórir þingmenn auk embættismanna. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að full samstaða sé innan hópsins um að lækka framlög til eftirlitsstofnana og um að endurskipuleggja einhverjar af þeim eftirlitsstofnunum sem starfa á vegum ríkisins.

johanna@frettabladid.is



**NIÐURSKURÐUR** Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður telur að eftirlitsiðnaðurinn hafi vaxið úr hófi fram á síðasta kjörtímabili. Framlög til Umboðsmanns skuldara voru rúmlega 1,1 milljarður króna á síðasta ári.

## Framlög til eftirlitsstofnana

Framlög til eftirlitsstofnana ríkisins námu 8,5 milljörðum króna árið 2008. Fjórum árum síðar hafði upphæðin hækkað í rúma 11,6 milljarða, en það er 37 prósent hækkun. Framlög til stofnananna hér að neðan hækkuðu hvað mest á umræddu tímabili.

Eftirlitsstofnun	2008	2012	Hækkun
Fjölmiðlanefnd	17.522.467	38.576.449	120%
Fjármálaeftirlitið	1.080.307.843	1.829.998.982	69%
Umboðsmaður skuldara	63.476.638	1.146.849.689	1707%

*Heimilis*  
**GRJÓNAGRAUTUR**

**Alveg mátulegur**

### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis

**VÆTUSAMT** Það gengur í hvassa suðaustanátt með mikilli rigningu um sunnan- og vestanvert landið síðdegis á morgun. Purrt og bjart norðaustan til fram eftir degi.

Alicante 28°	Billund 16°	Gautaborg 16°	London 18°	Orlando 31°	San Francisco 22°
Basel 21°	Frankfurt 18°	Kaupmannahöfn 19°	Mallorca 28°	Ósló 21°	Stokkhólmur 20°
Berlín 16°	Friedrichshafen 18°	Las Palmas 16°	New York 21°	París 16°	

**Á morgun**  
10-18 m/s S- og V-til síðdegis.

**Miðvikudagur**  
5-13 m/s.

**Elísabet Margeisdóttir**  
veðurfréttamaður



# HEILSA Í HAGKAUP



**TILBOÐ**

1.999kr/pk  
verð áður 2.269

**BIO-KULT CANDÉA**  
hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasykingu. 100% náttúruvara.

## GLÚTENFRÍ OG SYKURLAUS KÖKUBLANDA

Þessi fjölhæfa kökublanda hjálpar þér að baka uppáhalds kökuna þín án sykurs og hveitis. Með kökublönduna okkar sem grunn er einfalt að gera köku fyrir alla að njóta með góðri samvisku. Einnig úrval og fleiri tegundir af sykurlausum vörum sem henta vel á lágkolvetnamataræðinu.



**NÝTT Í HAGKAUP**



**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**

**KYNNING**  
Í dag í Garðabæ kl. 17-19

## NOW VÍTAMÍN

NOW framleiðir hágæða bætiefni án allra óæskilegra aukefna, svo sem litar-, bragð- og rotvarnarefna og ódýrra uppfylliefna.



## SEMPER GLÚTENLAUST KEX

Markaðsráðandi á Norðurlöndum



**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**

## WALDEN FARMS

Hitaeningalausar sósur sem henta fullkomlega í lágkolvetnamataræði og henta vel fyrir sykursjúka og fyrir alla sem vilja skipta út venjulegum sósam og spara sér þannig allt að 10.000 hitaeningar á mánuði!



**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**

## LIFESTREAM

Lifestream Spirulina og CC Flax



## SOLGRYN HAFFRAMJÖL

Hafragrautur er uppáhald margra á morgnana.



**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**

## HAPPY MÖNDLUR

Lífrænar möndlur með súkkulaðiþjúpi. Möndlur eru taldar góðar fyrir heilsuna og eru frábærar á milli mála.



**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**

## NUTRILENK GOLD

Nutrilenk Gold er frábært byggingarefni fyrir brjóskef og getur minnkað liðverki, brak í liðum og stirðleika.



**NÝTT**

## RED POWER JUICE

Hann er samsettur úr rauðrófusafa, eplasafa, gulrótum, sætum kartöflum, hindberjum og acerola berjum og er náttúrulegur og án viðbættis sykurs.



**NÝTT**

## LÍFRÆNT SÓLKJARNABRAUÐ

Lífrænt brauð með sólkjörnum, einstaklega bragðgott og tilvalið fyrir þá sem kjósa lífrænt.



**15% AFSLÁTTUR Á KASSA**

## NOW ERYTHRITOL

Bragðast líkt og hvítur sykur, ekkert eftirbragð. Er 70% jafn sætt og hvítur sykur



**TILBOÐ** 279kr/stk  
verð áður 299

## AQUELL VITAMIN WATER

Svalandi drykkur með viðbættum vítamínum.

Gildir til 15. september á meðan birgðir endast.

**f** Þú finnur okkur á facebook  
[www.facebook.com/hagkaup](http://www.facebook.com/hagkaup)

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



## VEISTU SVARID?



1. Hver leikur aðalhlutverkið í nýju leikriti Braga Ólafssonar, Maður að mínu skapi?
2. Hvað heitir nýi skemmtipátturinn með Frikkla Dór sem verður sýndur á Stöð 3 í vetur?
3. Hver skoraði jöfnunarmarkið fyrir íslenska landsliðið í knattspyrnu gegn Sviss um helgina?

1. Eggert Þorleifsson 2. Laugardagspátturinn með Frikkla 3. Jóhann Berg Gudmundsson

Maður á níræðisaldri lést af sárum sínum eftir fall niður steinvegg:

## Fannst á bílastæði við Hrafnistu

**SLYS** Maður á níræðisaldri, sem fannst liggjandi á bílastæði við Hrafnistu aðfaranótt sunnudags, er látinn. Aðstandendur mannsins furða sig á því að starfsfólk þjónustuíbúðarinnar þar sem maðurinn bjó hafi ekki tekið eftir hvarfi hans.

Talið er að maðurinn hafi dottið niður af steinvegg og við það hlotið áverka sem leiddi hann til dauða. Maðurinn, sem var heilabílaður, bjó í þjónustuíbúð aldaðra við Norðurbrún.

Jóhanna Eiríksdóttir, stjúpdóttir mannsins, furðar sig á því að starfsfólk hafi ekki tekið eftir því að maðurinn hafi horfið, en á vef Norðurbrúnar kemur fram að öryggiskerfi sé í húsinu og vakt allan sólarhringinn.

Aðstandendur segja manninn hafa fundist klukkan þrjú um nóttina en þá var líkamshiti hans kominn niður í 33 gráður.

Þegar fréttastofa hafði samband við starfsfólk Norðurbrúnar varðist það svara og sagðist ekki kannast við manninn, en hann er skráður með lögheimili þar. Síðar kom í ljós að starfsfólk taldi sig vera bundið þagnarskyldu um málið.

Þjónustusamningur mannsins við Norðurbrún kveður á um regluleg innlit. Forstöðukonan gat ekki tjáð sig um hversu tíð þessi innlit eru en greinilegt er að enginn hafði athugað með hann í yfir fimm klukkutíma. Hún segir að fundað verði um málið í vikunni.



**HRAFNISTA** Maðurinn slasaðist fyrir utan Hrafnistu en var ekki verið búsettur þar, heldur á Norðurbrún.



### Verkalýðsfélagið Hlíf

#### ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör fulltrúa Verkalýðsfélagsins Hlíf á þing Starfsgreinasambands Íslands, sem haldinn verður á Akureyri dagana 16-18. október 2013.

Tillögum með nöfnum 7 aðalfulltrúa og 7 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlíf fyrir kl. 16:00, mánudaginn 16. september n.k. Meðmæli minnst 60 félagsmanna þurfa að fylgja tillögunni.

Kjörstjórn Hlíf

# Tekjutap OR verður milljarður til 2015

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að leggja gufulögn frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar. Beðið er samþykkis borgarinnar og annarra eigenda. Gufulögnin mun kosta fyrirtækið 2,6 milljarða króna. Verður tilbúin í lok árs 2015.

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt fyrir sitt leyti að gufulögn verði lögð frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar. Fyrir liggur að kostnaður Orkuveitunnar af skertri vinnslugetu virkjunarinnar í ár og árið 2014 nemur milljarði króna. Fáist samþykki eigenda mun leiðslan verða tilbúin til notkunar síðla árs 2015.

Fyrirhuguð tenging Hellisheiðarvirkjunar við borholur í Hverahlíð kom til umfjöllunar í borgarráði á fimmtudag. Á fundi stjórnar Orkuveitunnar 29. ágúst var lögð fram sú tillaga að Bjarna Bjarnasyni forstjóra yrði falið að ráðast í tengingu Hellisheiðarvirkjunar, að því gefnu að öll leyfi fáiast og ýtarleg kostnaðaráætlun sýni fram á hagkvæmni framkvæmdarinnar.

Í greinargerð sem lögð var fram í borgarráði á fimmtudag kemur fram að tekjutap og kostnaðarauki Orkuveitunnar á árinu 2013 vegna skertrar framleiðslugetu á Hellisheiði er talinn munu nema 300 milljónum króna. Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrirtækisins fyrir árið 2014, sem er í vinnslu, verður gert ráð fyrir skertum sölutekjum af rafmagni og auknum kostnaði vegna orkukaupa sem nemur um 700 milljónum króna til viðbótar. Frekara tap verður árið 2015, enda verður gufulögnin ekki tilbúin til notkunar fyrr en síðla þá árs, tefjist verkið ekki.

Verkáætlun gerir nú ráð fyrir að heildarkostnaður við verkið verði 2,6 milljarðar króna, og skiptist þannig að 670 milljónir falla á næsta ár og 1.665 milljónir á árið 2015.

Þessi tillaga var samþykkt af öllum stjórnarmönnum að undan-



**HELLISHEIÐI** Þegar er ljóst að milljarður er tapaður en þá á eftir að reikna inn árið 2015. Gufulögnin kostar 2,6 milljarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Stendur ekki undir fullri framleiðslu

Eins og Fréttablaðið greindi frá 10. júní hafa rannsóknir á jarðhitasvæðum í Henglinum leitt í ljós að núverandi vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar stendur ekki undir fullri framleiðslu til frambúðar. Þegar hefur verið dregið úr rafmagnsframleiðslu og frekari vandi er fjórsjóránlegur ef ekkert er að gert.

Uppsett afl virkjunarinnar er 303 megavött (MW) og framleiddi hún á fullum afköstum fram til síðustu áramóta. Hún getur í dag mest framleitt 276 megavött. Vísindamenn OR áætla að afköst muni falla um sem jafngildir sex megavöttum á ári að meðaltali, og ljóst að uppbygging virkjunarinnar var allt of hröð.

skildum fulltrúa Vinstri grænna, Sóleyju Tómasdóttur. Hún lét bóka að hún fallist ekki á þessa lausn við vanda virkjunarinnar. Hún stuðli að frekari ágengri nýtingu á svæðinu og „enn frekari

tilraunastarfsemi til viðbótar við allt of hraðar framkvæmdir á undanförunum árum og áratugum“. Hún vill frekar að Orkuveitan leiti leiða til að draga úr raforkuframleiðslu. svavar@frettabladid.is

## Sápur

Rekstrarland býður fjölbreytt og vandað úrval af sápum fyrir allar tegundir þrifa.



VNR. 35957

PIKATIMA • SÍA • 131772

#### ALHLIÐA HREINSIEFNI

Með sítrónuilm, fyrir harða fleti 750 ml Verð 559 kr.



VNR. 99516

PIKATIMA • SÍA • 131772

#### NÁTTÚRUSÁPA

Á allt tréverk Verð frá 778 kr.



VNR.85075

PIKATIMA • SÍA • 131772

#### ALHLIÐA GÓLFSÁPA

Með ilm, 1 ltr. Verð 519 kr.



REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins:

## „Vandræðalegt“ fyrir stjórnina

**STJÓRN MÁL** Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir að fara ekki að vilja Alþingis varðandi aðildarumsókn Íslands í Evrópusambandið og boða til kosninga um Evrópusambandsaðild.

Þetta kom fram í viðtali Sigurjóns M. Egilssonar við Ragnheiði í Sprengjusandi í gærmorgun.

„Þetta mál er að verða frekar vandræðalegt. Í mínum huga er það alveg ljóst að þegar Alþingi ályktar í þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að gera eitthvað, einstökum ráðherra eða ríkisstjórninni í heild sinni, þá hefur löggjafarvaldið falið fram-

kvæmdarvaldinu að vinna að einhverju og framkvæmdarvaldið situr raunverulega í umboði löggjafarvaldsins,“ segir Ragnheiður.

Hún segir enga ríkisstjórn geta ákveðið að hún þurfi ekki að fara að vilja Alþingis.

„Þingsályktunartillagan er klár, samþykkt og afgreidd af löggjafarsamkomunni. Ef það er einhver sem getur tekið þessa þingsályktunartillögu til baka þá er það Alþingi. Ef ríkisstjórnin ætlar sér ekki að fara eftir tillögunni þá tel ég að Alþingi geti einfaldlega ákveðið að koma með þingsályktunartillögu og óskað eftir að hún gangi til atkvæða,“ segir Ragnheiður.



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Segir ríkisstjórnina ekki geta farið gegn vilja þingsins.

-ebg

Vissir þú að...



Barnaheill

Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.



**SÍÐUSTU  
DAGAR!**

**BIG  
SALE!**

**DEVINE PLUSH/FIRM**  
Queen Size (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 282.083 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ  
141.041 kr.**  
= 50% AFSLÁTTUR!

**50%**

**AFSLÁTTUR**

**RISA**

**ÚTSALA**

**30-70%**

**AFSLÁTTUR!**

**STOCKHOLM**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 163.600 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ  
98.160 kr.**  
= 40% AFSLÁTTUR!

**40%**

**AFSLÁTTUR**

**RÝMUM TIL FYRIR  
NÝJUM VÖRUM!**

**50 til 70% AFSLÁTTUR  
AF SÝNINGAR-  
OG SKIPTIRÚMUM**

**ÓTRÚLEGT  
TILBOÐ!**

**SOFIA**  
King Size (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 298.580 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ  
149.290 kr.**  
= 50% AFSLÁTTUR!

**50%**

**AFSLÁTTUR**

**rekkjan**

**HEILSURÚM**



## Efnahagurinn í Grikklandi: Auknar tekjur af ferðafólki

**APENA, AP** Auknar ferðamanna-tekjur urðu til þess að hinn bági efnahagur í Grikklandi versnaði minna búist hafði verið við frá apríl fram í júní síðastliðinn. Samdráttur nam 3,8 prósendum af landsframleiðslu í stað 4,8 prósentu eins og búist hafði verið við. Þessi tíðindi eru jákvæð fyrir ríkisstjórn íhaldsmanna í Grikklandi sem hefur ekki átt upp á pallborðið hjá landsmönnum. Búist er við 17 milljónum ferðamanna til Grikklands á þessu ári, sem yrði met. -fb

## Grindhvalavaða kom á land við Rif á Snæfellsnesi á laugardaginn: Tíu hvalir dauðir í fjörunni

**NÁTTÚRA** Grindhvalavaða kom á land við Rif á Snæfellsnesi seinnipart laugardags. Reynt var að koma hvölnum út en það gekk illa þar sem veður var afar vont á svæðinu. Um 50 til 70 hvalir komu inn í höfnina við Rif í gær og mun fleiri hvalir voru fyrir utan höfnina. Þröstur Albertsson, íbúi á Ólafsvík, var á staðnum, á laugardags- og sunnudagsmorgun. Fréttastofa ræddi við Þröst í gær. Þá sagði hann að um 10 hvalir væru í höfninni, allir dauðir.

„Það var alveg skelfilegt að sjá dýrin kveljast, nú eru nokkrir hvalir komnir að Bug rétt við Ólafsvík það segir sitt um hvað hvernig þetta hefur verið fyrir þá í nótt í þessu vonda veðri,“ segir Þröstur. Heimamenn hófu strax að nýta hvalinn en að sögn Þröstar hefur mikið af hvalnum nýst, enda mikið af dauðum dýrum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem svona stór vaða kemur upp á land við Rif en árið 1982 komu 300 grindhvalir upp á landi þar.



Í FJÖRUNNI Hvalirnir voru dauðir í fjörunni. MYND/ÞRÖSTUR ALBERTSSON

## Tveir handteknir í London: Brutust inn í Buckingham

**LONDON, AP** Tveir menn voru handteknir í London á laugardaginn grunaðir um að hafa brotist inn í Buckingham-höll. Atvikið átti sér stað aðfaranótt þriðjudags eftir að annar manna klifraði yfir girðingu fyrir utan höllina. Maðurinn er talinn hafa komist inn á svæði í höllinni sem gestir fá að skoða. Innbrotið er eitt það alvarlegasta síðan 1982 þegar Michael Fagan tókst að lauma sér inn í herbergi drottningarinnar. -fb

## Stjórnarskipti andfætlinga: Tony Abbott vann í Ástralíu

**ÁSTRALÍA** Tony Abbott, leiðtogi frjálslyndra, verður næsti forsætisráðherra Ástralíu en hann velti Kevin Rudd, forsætisráðherra og leiðtoga Verkamannaflokksins, úr sessi í þingkosningunum um helgina.

Verkamannaflokkurinn hefur verið við stjórnvölin síðustu sex ár. Í sigurraðu sinni á laugardagskvöld þakkaði Abbott stuðningsmönnum sínum og sagðist vera stoltur. „Ég á marga vini hér í kvöld. Þetta hefur verið langt ferðalag, og vonandi heldur það áfram og færir þessu dásamlega landi betri tíma, sagði hann. Abbott, sem er 55 ára, starfaði sem blaðamaður áður en hann settist á þing árið 1994. -bl

Kosningar í Moskvu:

## Sobjanin átti sigurinn vísan

**MOSKVA, AP** Borgarstjórnin í Moskvu, Sergei Sobjanin, var með rúman meirihluta atkvæða, eða 52%, þegar búið var að telja tæplega þriðjung atkvæða í borgarstjórnarkosningunum í Moskvu í gærkvöldi.

Leiðtogi stjórnarandstöðunnar og hans helsti andstæðingur, Alexei Navalny, hlaut um 27% atkvæða.

Ef þetta verður niðurstaðan þarf ekki að kjósa aftur á milli tveggja efstu frambjóðendanna. -fb

# Aðgerðaleysi gæti kostað 36 til 144 milljarða króna

Þjóðhagslegur kostnaður af óbreyttu flutningskerfi raforku er talinn nema sex milljörðum króna á ári. Kostnaður fylgir tíðara rafmagnsleysi, aukinni olíunotkun og fleiri þáttum. Hefur áhrif á byggðapróun segir skýrsluhöfundur.

**ÍÐNAÐUR** Án endurbóta og uppbyggingar á flutningskerfi raforku hér á landi hleypur þjóðhagslegur kostnaður á milljarðatugum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem unnin var fyrir Landsnet.

Fram kemur í skýrslunni að verði ekki farið í frekari uppbyggingu flutningskerfisins leiði það á næstu árum af sér margvíslega erfiðleika hjá raforkunotendum. Líklegast er talið að þjóðhagslegur kostnaður vegna þessa nemi rúnum sex milljörðum á ári næsta aldarfjórðung.

Höfundar skýrslunnar eru Jón Vilhjálmsson, rafmagnsverkfræðingur og sviðsstjóri hjá EFLU verkfræðistofu, og Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Þeir leitast í skýrslunni við að reyna að meta hversu mikils virði sé fyrir þjóðfélagið að halda áfram uppbyggingu raforkukerfisins þannig að annað verði á landsvísi álag-saukningu næstu ára og áratuga. Þeir komast að niðurstöðum sínum með því að bera annars vegar saman óbreytt núverandi raforkukerfi, með vaxandi takmörkunum á flutningi raforku þegar fram líða stundir, og hins



JÓN VILHJÁLMSON

vegar kerfi sem er án flutningstakmarkana.

Niðurstaðan er að verði flutningskerfi raforku ekki eflt þá geti kostnaður þjóðfélagsins numið á bilinu 36 til 144 milljörðum fram til ársins 2040. Mikill munur í spánni skýrist af ólíkum forsendum um þróun raf-

orkunotkunar. Miðtilvik, eða 86 milljarða tjón til ársins 2040, er þó talið sýna líklegustu þróunina.

Óbreytt flutningskerfi er sagt hamla vexti raforkunotkunar, valda minni hagvexti og hafa áhrif á byggðapróun. Verði ekki brugðist við telja skýrsluhöfundar ljóst að raforkunotendur komi á næstu árum til með að upplifa tíðara rafmagnsleysi auk þess sem olíunotkun aukist, til dæmis vegna vinnslu í fiskimjölverksmiðjum og hjá kyntum hitaveitum.

Að auki leiði óbreytt kerfi til lakari hagkvæmni nýrra verkjana vegna aukinna takmarkana á mótun inn á flutningskerfið, aukíð orkutap við flutning raforku og til þess að útilokaðir verði ýmsir virkjanakostir, þar sem flutningskerfið geti ekki flutt orku frá þeim. Eins muni verð á raforku líklega hækka þar sem flutningstakmarkanir tor-

## Þjóðhagslegur kostnaður til ársins 2040\*

	Lágtilvik	Miðtilvik	Háttilvik
Núvirði umfram fullkomið kerfi	36	86	144
Meðalkostnaður á ári	2,7	6,1	10,0


Upphæðir í milljörðum króna. Heimild: Skýrsla Jóns Vilhjálmssonar og Friðriks Má Baldurssonar til Landsnets

velda samkeppni. Auk þess muni takmarkað aðgengi að raforku ýta undir frekari flutninga fólks frá dreifbýli til stærstu þéttbýlissvæða.

„Allt atvinnulíf og heimili byggja á því að hafa raforku og á því byggir nútímaþjóðfélag,“ segir Jón Vilhjálmsson, annar skýrsluhöfundar. Því sé það geysilega mikilvægt að byggja upp flutningskerfi raforku. „Og hjá Landsneti er komið upp það ástand að þeir sjá fram á það á næstu árum að geta ekki annað almennilega afhendingu raforku í vissum landshlutum.“

Þar undir segir Jón að sé helst Austur- og Norðausturland. „Þar hefur álag aukist að undanförun, svo sem vegna fiskimjölverksmiðja sem hafa aukið raforkunotkun sína og dregið þar með úr notkun olíu.“ Viðbótin segir hann sé slík að kerfið ráði ekki við álagsaukninguna, sem nemi um 100 megavöttum, á mesta álagstíma. „Ef ekki verður eitt-

## → Skipting þjóðhagslegs kostnaðar



hvað að gert þá mun þetta á næstu árum hamla uppbyggingu á þessum svæðum, auk þess sem verulegar skerðingar verða út af því álagi sem þegar er komið á þessum svæðum.“

olikr@frettabladid.is

www.volkswagen.is



\*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskíptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Til afgreiðslu strax

Volkswagen Caddy

## Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseginnleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy\* kostar aðeins frá  
**3.090.000 kr.**  
(2.462.151 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



# TILBOÐSDAGAR

# 15-50%

## AFSLÁTTUR

PARKET

FLÍSAR

HURÐIR

## Birgisson

Ármúli 8 | 108 Reykjavík  
Sími 516 0600 | [www.birgisson.is](http://www.birgisson.is)

30 ára  
ábyrgð



## Ógnaði lögreglumönnum: 107 ára karl féll í skotbardaga

**BANDARÍKIN** 107 ára karlmaður lést í skotbardaga við sérsveit lögreglunnar í Arkansas í Bandaríkjunum um helgina. Lögreglan var kölluð til heimilis í bænum Pine Bluff þar sem maðurinn mun hafa ógnað tveimur manneskjum. Þegar lögregluþjónarnir náguðust dyrnar á herberginu þar sem maðurinn var skaut hann á þá en hitti ekki. Sérsveitin var kölluð til og kom skömmu síðar á vettvang. Ekki gekk að tala manninn til og fá hann til að gefast upp friðsamlega. Lögreglan ruddist þá inn í herbergið með það að markmiði að afvopna manninn. Hann skaut hins vegar á lögreglumennina sem skutu hann til bana. - hh



**NÝR FORMAÐUR SUS** Magnús tekur við formannssæti SUS af Davíð Þorlákssyni.

Kosningar um helgina:

## Magnús nýr formaður SUS

**FÉLAGSMÁL** Magnús Júlíusson verkfræðinemi var kosinn nýr formaður Sambands ungra Sjálfstæðismanna á sambandsþingi SUS um helgina.

Sambandsþingið var haldið í Borgarnesi og hlaut Magnús afgerandi kosningu, eða 52 af 62 greiddum atkvæðum.

Magnús er tengdasonur Bjarna Benediktssonar, fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins.

„Ég hlakka til að takast á við verkefnið sem eru fram undan og ég tel að þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er kominn í ríkisstjórn, sé enn mikilvægara en áður að veita honum gott aðhald,“ segir Magnús. - eh

Hjónavígsla Sigmars Jónssonar og Hólmfríðar Helgadóttur um helgina var óhefðbundin:

## Gefin saman af skipstjóranum í Herjólfí

**FÓLK** Þann 7.9. 2013 gengu Hólmfríður Kristín Helgadóttir og Sigmar Jónsson í hjónaband. Þau voru gefin saman af Steinari Magnússyni, skipstjóra á Herjólfí, og athöfnin fór fram í brú skipsins á leiðinni frá Landeyjahöfn til Vestmannaeyja. Sigmar er hafnarstjóri í Landeyjahöfn en eiginkona hans, Hólmfríður, vinnur í afgreiðslu Herjólfí í Landeyjahöfn.

Sigmar segir þau hjón hafa búið saman í 37 ár áður en þau giftu sig.

„Steinar skipstjóri gifti þýskt par í Herjólfí árið 2011. Þá kom til tals að við Hólmfríður værum ógift og það má segja að hugmyndin hafi kviknað upp úr því,“ segir Sigmar.

Aðspurður um lögmeiti giftingarinnar svarar Sigmar hinn rólegasti. „Við fáum þá bara prest til að klára formlegheitin.“

elimar@frettabladid.is



**BRÚÐKAUP Í BRÚNNI** Hólmfríður Kristín Helgadóttir og Sigmar Jónsson voru gefin saman um borð í Herjólfí. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

## Vatnsmýri of dýr fyrir flugið

Samkvæmt grein hagfræðingsins Sigurðar Jóhannessonar í Vísbendingu er landið í Vatnsmýrinni of dýrt til að skynsamlegt sé að nota það undir flugvöll. Hreinn hagnaður af öðrum kostum er sagður um 35-40 milljarðar.

**SKIPULAGSMÁL** Erfitt er að sjá annað en að landið undir flugvelli í Vatnsmýrinni sé of dýrt til þess að skynsamlegt sé að nota það undir flugvöll. Þetta skrifar hagfræðingurinn Sigurður Jóhannesson í nýjasta tölublaði Vísbendingar, vikurits um viðskipti og efnahagsmál.

Greinin fjallar um kosti og galla þess að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni. Þar segir að flugvöllurinn hafi frá byrjun hamlað vexti Reykjavíkur og að Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri, hafi sagt æskilegt að flugvöllurinn yrði ekki til frambúðar í Vatnsmýrinni.

Sigurður vísar í kostnaðar- og nytjagreiðingu sem fyrirtækið ParX gerði á flugvallarkostum fyrir nokkrum árum með hjálp danskra sérfræðinga. Greiningin hafi verið gerð frá sjónarhóli allra landsmanna. Þegar kostir eru taldir upp segir að flugvöllurinn í miðri borg flýti för þeirra sem nota hann. Tvö þúsund manns hafi árið 2011 komið með sjúkraflugi á Reykjavíkflugvöll en óljóst sé hversu miklu máli staðsetningin hafi skipt fyrir þetta fólk. „Oftast er þýrla notuð þegar mest liggur á að koma fólki undir læknihendur,“ segir í greiningunni.

Hvað varðar megingalla þess að flugvöllurinn sé í miðri borg segir að óvída sé land dýrara en í Vatnsmýrinni. Vegna þess að engin íbúabyggð sé á svæðinu verði að byggja fjær miðbænum og því fari meiri tími í ferðir innanbæjar. Nýlegar erlendar rannsóknir bendi til þess að náði samhengi sé milli þéttleika byggðar og framleiðni. Auk



**Á FLUGI YFIR REYKJAVÍK** Samkvæmt kostnaðar- og nytjagreiðingu ParX er ekki skynsamlegt að hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Yfir 65 þúsund manns á undirskriftalista

Rúmlega 65.000 manns hafa tekið þátt í undirskriftasöfnun félagsins Hjartað í Vatnsmýrinni á vefsíðunni Lending.is þar sem hvatt er til þess að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni.

Þess sé hávaði af fluginu í nágrenni vallarins.

Í niðurstöðum matsins kemur fram að mun hagkvæmara sé að flugvöllurinn verði á Hólmsheiði eða í Keflavík heldur en í Vatnsmýrinni. Hreinn hagnaður af þeim kostum á ári hverju myndi nema 35 til 40 milljörðum króna. Þar væri stærsti sparnaðarliðurinn minni ferðatími innan borgarinnar.

Markaðsverð byggingarlands í Vatnsmýrinni hafi verið talið 75 milljarðar króna árið 2007 og sé líklega svipað núna. Ef raunvextir væru 5% yrði ársleiga af flugvallarlandinu þrjár og hálfur til fjórir milljarðar króna.

Samkvæmt Sigurði þarf mikið að ganga á ef hagga á niðurstöðu þessarar kostnaðar- og nytjagreiðingar.

frey@frettabladid.is



Gæðafliðar á sanngjörnu verði

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is  
Kletthálsi 7, Rvk - Reykjanesbæ - Akureyri - Vestmannaeyjum



**SÆNSKIR LÖGREGLUMENN** Það sem af er þessu ári eru skotárásir í Gautaborg orðnar 27. NORDICPHOTOS/AFP

Skotárásur milli gengja í Gautaborg fjölga:

## Lögreglan þarf hjálp

**SVÍPJÓÐ** Lögreglan í Gautaborg vill hjálp annarra lögreglumanna í Svíþjóð til þess að stöðva gengjamoðin í borginni. Á þessu ári hafa að minnsta kosti fimm morð verið framin í tengslum við átök stríðandi fylkinga glæpamanna. Síðastliðið miðvikudagskvöld voru tveir menn skotnir til bana í Gautaborg. Talið er að morðin á þeim tengist skipulagðri glæpastarfsemi, að því er kemur fram í sænskum fjölmiðlum.

Lögreglan í Gautaborg kveðst sjá samband milli morðanna sem framin hafa verið en vill ekki tjá sig frekar um hvernig því er háttað. Óttast er að fleiri skotárásir fylgi í kjölfar morðanna

á miðvikudaginn. Haft er eftir Sven Ahlbin yfirlögregluþjóni að auðvelt sé að komast yfir vopn en erfitt sé að fá menn til að segja frá. Lögreglan vonast nú til að einhver þori að rjúfa þögnina, ekki bara vegna morðanna á miðvikudaginn, heldur einnig vegna fjölda annarra ofbeldisverka gengjanna.

Enginn hefur verið handtekinn vegna skotárásanna á miðvikudagskvöldið en fórnarlömbin voru svokallaðir góðkunningjar lögreglunnar.

Árið 2011 var tilkynnt um 24 skotárásir í Gautaborg en 33 í fyrra. Það sem af er þessu ári eru skotárásirnar orðnar 27. - ibs





# Heimspíanistar í Hörpu



HARPA

# Benedetto Lupo

*Ítalski píanósnillingurinn*

Ítalski píanóleikarinn Benedetto Lupo vann til bronsverðlauna í Van Cliburn keppninni árið 1989. Á efnisskrá tónleikana verða verk eftir Schumann og Brahms.

Norðurljós — 11.09.2013, kl. 20:00

[harpa.is/benedettolupo](http://harpa.is/benedettolupo)



# Paul Lewis

Einn fremsti píanóleikari sinnar kynslóðar og hefur fengið mikið lof áheyrenda og gagnrýnenda. Hann mun flytja verk eftir Bach-Busoni, Beethoven, Liszt og Mussorgsky.

26.11.2013, kl. 20:00

[harpa.is/paullewis](http://harpa.is/paullewis)

Miðasala hafin á [harpa.is](http://harpa.is) og í síma 528 5050

ICELANDAIR

Arion banki





# KOMIÐ OG DANSIÐ!

LÆRÐU LÉTTA  
DANSSVEIFLU  
Á TVEIM DÖGUM!

Námskeið haust 13

**Svingnámskeið 4 þriðjudagskvöld:**  
Hefst 17. sept. og 5. nóv.  
Framhaldssving 3 kvöld: 13. okt.

**Verðum ballfær – Blandaðir dansar**  
Hvert námskeið er 4 sunnudagskvöld  
Námskeiðin hefjast 15. sept. og 13. okt.

**Línudansar á miðvikudagskvöldum**  
4 kvöld námskeið  
Hefst 18. sept. og 16. okt.

**Framhaldsnámskeið Blues og Jump**  
Hefjast 16. sept. og 30. sept.

**Æfingadansleikir eru öll fimmtudagskvöld kl.20.00**

Gjaldfrítt  
kynningarkvöld  
þriðjud. 10. sept. kl. 20

Næsta  
svingnámskeið  
17. sept.

557 7700

DANSHÖLLIN

Drafnarfelli 2 111 Reykjavík  
kod@komidogdansid.is  
www.komidogdansid.is



**FÖGNUMUR**  
Japanir fögnuðu vali Alþjóðaólympíu- nefndarinnar innilega þegar úrslitin voru tilkynnt á laugardaginn.  
NORDICPHOTOS/GETTY

# Japanir gleðjast yfir Ólympíuleikunum

Ólympíuleikar árið 2020 verða haldnir í Tókýó, rúmlega hálfri öld eftir að þeir voru síðast haldnir í höfuðborginni. Tókýó hafði betur en Madrid og Istanbúl.

Íþróttir Mikil gleði ríkir í Japan eftir að Alþjóða-ólympíunefndin ákvað að sumarleikarnir verði haldnir í höfuðborginni Tókýó árið 2020. Tókýó hafði betur í annari umferð á móti Istanbúl frá Tyrklandi en Madrid á Spáni hafði áður dottið úr leik í fyrstu umferð. Talið er að bágborið efnahagsástand á Spáni hafi átt þátt í að landið fékk ekki að halda leikana. Hefði Istanbúl orðið fyrir valinu hefði Tyrkland orðið fyrsta múslimaríkið til að halda Ólympíuleikana.

Japanir vonast til að Ólympíuleikarnir eigi eftir að blása auknu lífi í efnahag landsins og einnig fylla hjörtu landsmanna af gleði og von um bjarta framtíð, sérstaklega eftir jarðskjálftana í landinu árið 2011 og fljóðbylgjuna sem fylgdi í kjölfarið. Hátt í sextán þúsund manns fórust og um 2.500 er enn saknað. Greinilegt er að forsætisráðherra Shinzo Abe hefur tekist að sannfæra Alþjóðaólympíunefndina um að geislunin af völdum kjarnorkuversins í Fukushima eftir jarðskjálftann og fljóðbylgjuna muni ekki hafa nein áhrif á Tókýó og Ólympíuleikana.

freyr@frettabladid.is



**SIGURINN Í HÖFN** Meðlimir japönsku nefndarinnar sem barðist fyrir því að Tókýó yrði fyrir valinu fögnuðu sigrinum innilega.

## Asía og Ólympíuleikarnir

- 1964:** Tókýó, Japan
- 1988:** Seúl, Suður-Kóreu
- 2008:** Peking, Kína
- 2020:** Tókýó, Japan

**32** Ólympíuleikarnir í Tókýó verða þeir 32. í röðinni. Þeir fyrstu voru haldnir í Aþenu árið 1896.


**700** Japanir reikna með því að eyða um 700 milljörðum króna í undirbúning fyrir Ólympíuleikana.

**5.000** Talið er að jákvæð áhrif Ólympíuleikanna á efnahag Japans geti numið um 5.000 milljörðum króna og að 150 þúsund störf verði til.

**35.000.000** 35 milljón manns búa í höfuðborginni Tókýó.

**30.000.000** Stjórnvöld í Japan vonast til að fjöldi ferðamanna sem heimsækja landið verði kominn í 30 milljónir árið 2020. Í fyrra komu þangað 8,36 milljónir ferðamanna.

**2016** Næstu Sumarólympíuleikar verða haldnir í Brasilíu árið 2016.



## VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

### AUGLÝSING UM TÍMABUNDNA LOKUN GÖNGULEIÐA VIÐ SVÍNAFELLSJÖKUL Í VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐI

Þjóðgarðsvörður á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs hefur í samráði við eigendur aðliggjandi lands við Svínafellsjökul ákveðið að verða við beiðni Sagafilm ehf. um að loka gönguleiðum við Svínafellsjökul sem eru í jaðri og að hluta til innan Vatnajökulsþjóðgarðs á tímabilinu 11. – 19. september 2013, báðir dagar meðtaldir.

Lokunin nær til gönguleiðar meðfram jöklinum undir Hafrafelli frá bílastæði við Hafrafell og gönguleiðar að Svínafellsjökli frá vegslóða vestan við Freysnes.

Lokunin er álitin nauðsynleg á þessu tímabili vegna kvikmyndagerðar sem fram fer á Svínafellsjökli, en það er mat þjóðgarðsvarðar að hún gangi ekki lengra en nauðsyn krefur að teknu tilliti til annarrar atvinnustarfsemi og umferðar almennings. Lokunin byggist á 17. gr. a í reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 749/2013.

Athygli er vakin á að á sama tímabili verða einnig lokaðir vegslóðar og gönguleiðir sem liggja að jöklinum en eru ekki innan þjóðgarðsins.

Auglýsing þessi er birt í B-deild Stjórnartíðinda með vísan til 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð og 17. gr. a reglugerðar nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 749/2013.

Á vefnum [www.vjp.is](http://www.vjp.is) má finna allar helstu upplýsingar um Vatnajökulsþjóðgarð

## Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 9. september, kl. 18  
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is)



Jóhannes S. Kjarval



## Síldarvinnslan hagnaðist um sjö milljarða 2012: Tveir milljarðar í arð

**VIÐSKIPTI** Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað samþykkti á fimmtudag að greiða hluthöfum 2,1 milljarð króna í arð af hagnaði ársins 2012. Upphæð arðsins er 700 milljónum lægri en allur launakostnaður Síldarvinnslunnar á árinu.

Hagnaður Síldarvinnslunnar á árinu var sjö milljarðar króna eftir skatta. Rekstrartekjur útgerðarfyrirtækisins námu samtals 24 milljörðum króna og rekstrargjöld um fjórtán milljörðum króna. Heildareignir voru bókfærðar á 36,9 milljarða króna og eigið fé var 21,9 milljarðar. Útgerðarfyrirtæki greiddi 1,6 milljarð króna í tekjuskatt á árinu og önnur opinber gjöld námu 650 milljónum króna. Að auki greiddi fyrirtækið 850 milljónir í veiðigjöld.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Síldarvinnslunni sem birtist í tengslum við aðalfund félagsins sem haldinn var á fimmtudag. -hg



**GOTT ÁR** Útgerð Síldarvinnslunnar í Neskaupstað gekk vel á árinu 2012. FRETABLAÐIÐ/KRISTÍN SVANHVÍT

## Fyrstu konurnar í stjórn eftir 56 ár

Konur voru í fyrsta sinn kjörnar í stjórn og aðalstjórn Síldarvinnslunnar hf. á aðalfundi félagsins. Anna Guðmundsdóttir og Björk Þórarinsdóttir voru kjörnar í aðalstjórn og Arna Bryndís Baldvins McClure í varastjórn. Félagið var stofnað 11. desember 1957. Því tók það konur 56 ár að komast í stjórn.



Forseti Afganistan:

## Fordæmdi árás í Kunar-héraði

**AFGANISTAN, AFP** Hamid Karzai, forseti Afganistan, fordæmdi í gær loftárásir NATO í Kunar-héraði í austurhluta Afganistan.

Greint var frá því í gær að sextán almennir borgarar hefðu látið lífið í loftárás NATO sem gerð var á bil á svæðinu á laugardaginn en fregnir af mannfalli hafa verið óljósar.

Í yfirlýsingu forsetans segir að hann fordæmi árásir gegn konum og börnum og að slíkt brjóti í bága við alþjóðlegar siðvenjur.

Mannfall almennra borgara hefur lengi verið orsök deilna milli hersveita NATO og afganskra stjórnvalda en stefnt er að því að NATO fari frá Afganistan fyrir enda næsta árs. -eh

Danskir stjórnmálaflokkar:

## Takast á um skattalækkanir

**DANMÖRK** Danskir íhaldsmenn vilja lækka skatta um 40 milljarða danskra króna, sem nemur 860 milljörðum íslenskra króna, í áætlunum til ársins 2020.

Formaður Íhaldsflokksins, Lars Barfoed, segir að peningana eigi að taka úr ríkiskassanum og færa yfir í vasann hjá fólkinu með því að stöðva vöxt hins opinbera. Íhaldsmenn mæla með 33.000 færri ríkisstarfsmönnum en gert er ráð fyrir í áætlunum ríkisstjórnarinnar og vilja lækka eftirlaun.

Sósíaldemókratar segja áætlun Íhaldsflokksins undarlega og skilja ekki hvers vegna venjulegar danskir fjölskyldur eigi að borga fyrir skattalækkanir hinna ríku. -ebg

Ástand ljósastaura kannað:

## Hundahland tærir staurana í höfuðborginni

**REYKJAVÍK** Þýskir sérfræðingar kannu nú ástand um það bil þúsund ljósastaura í Reykjavík. Reykjavíkurborg metur með þessu viðhaldsþörf næstu ára.

Sérfræðingarnir hafa áhyggjur af rokinu hér á landi, sem er meira en í Þýskalandi, en auk þess segja þeir að að hundahland geti valdið tæringu á staurunum og með því valdið töluverðum skemmdum á staurunum.

Um 28.000 ljósastaurar eru í Reykjavík og hafa þrjú prósent þeirra staura sem prófaðir voru verið teknir niður en ástand þeirra var ekki talið öruggt. Frá þessu greinir á fréttavef RÚV. -eh

Átök við veitingastað:

## Maður í annarlegu ástandi sló 14 ára dreng

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var um líkamsárás á Laugaveginum að morgni laugardags. Tveir góðkunningjar lögreglunnar slógust fyrir utan vínveitingastað og voru í annarlegu ástandi. Annar þeirra sló 14 ára dreng sem átti leið hjá.

Drengurinn fór með foreldrum sínum á slysadeild til aðhlyningar, en ekki er vitað hvert ástand hans er.

Lögreglan kom á vettvang og handtók annan aðilann vegna athæfisins, en hinn náði að hlupa á brott. Hann var handtekinn síðar. Báðir aðilarnir gistu fanga-geymslu og verður rætt við þá er ástand þeirra lagast. -þþ

Bandarískir vísindamenn segja hafa uppgötvað stærsta eldfjall veraldar:

## Eldfjall undir sjávarmáli í Kyrrahafi

**VÍSINDI** Vísindamenn hafa uppgötvað stærsta eldfjall sem fundist hefur til þessa í Kyrrahafi, tveimur kílómetrum undir sjávarmáli.


Í grein sem þeir skrifuðu í tímaritið Nature Geoscience er fjallið Tamu Massif sagt 310 þúsund ferkílómetrar. Til samanburðar er eldfjallið Olympus Mons á Mars, sem telst vera hið stærsta í sólkerfinu, aðeins 25% stærra. Uppgötvunin þýðir að Mauna Loa á Havái, sem er „einungis“ 2.000 ferkílómetrar, er ekki lengur stærsta eldfjall heims.

Tamu Massif er staðsett um 1.600 kílómetrum austur af Japan og myndaðist fyrir um 130 til 145 milljónum ára. „Við teljum að Tamu Massif hafi orðið til á stuttum tíma í jarðfræðilegu samhengi, á einu til nokkurra milljóna ára tímabili og síðan þá hefur það verið óvirkt.“

→ Tamu Massif er þrisvar sinnum stærra en Ísland, sem er 103 þúsund ferkílómetrar.

sagði William Sager úr Houston-háskóla í Bandaríkjunum, við AFP.

Sager hóf rannsóknir sínar á Tamu Massif fyrir tveimur áratugum. Þá var óvíst hvort um eitt eldfjall var að ræða eða mörg samhangandi eldfjöll. Nafnið Tamu er samsett úr Texas A&M University, þar sem Sager kenndi áður en hann flutti sig um set til háskólans í Houston.



**TAMU MASSIF**  
Vísindamenn í Houston hafa uppgötvað eldfjallið Tamu Massif.

- fb

MYND/WILL SAGER/HÁSKÓLINN Í HOUSTON

# Bókasafnsdagurinn

## 9. september 2013

**bokasafn.is**

Lestur er bestur ~ spjaldanna á milli



Samfélagslegt gildi menningar er augljóst:

## Fjárfest í listinni

Á Íslandi hefur lengi verið stutt við bakið á listum og menningu með einum eða öðrum hætti. Þannig tóku ungmennafélagsmenn sig til og skrifuðu upp á víxil fyrir skútusjómanninn Jóhannes Sveinsson Kjarval og sendu hann til Lundúna til að afla sér menntunar í málalist. Hann fékk reyndar ekki inn í neinn skóla þar og endaði blankur í Kaupmannahöfn. Tryggvi Gunnarsson bankastjóri og fleiri vel staðir karlar miskunnuðu sig yfir hann og héldu áfram að fjármagna nám Kjarvals. Sömu sögu er að segja af mörgum okkar helstu listamönnum sem áttu eftir að móta nútímalist okkar og sjálfsmynd þjóðarinnar síðastliðin hundrað ár.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Á Íslandi hefur listin alltaf fundið sér farveg. Snorri Sturluson var auðmaður og höfðingi sem hafði tíma til að sitja sjálfur við skrifrit. Hann var alræmdur nískupúki en þó ekki svo mikill að hann sá sér hag í að styrkja menningu og listir og stóð meðal annars að stofnun Viðeyjarklausturs. Þar var mikil og mikilvæg menningarstarfsemi.

Margir listamenn í dag fara fyrir hópi sem vill gagnrýna auðsöfnun og auðmenn en sagan sýnir að list hefur oft dafnað í skjóli ríkra. Augljóst dæmi er endurreisnartímabilið þegar Medici-ættin og fleiri fjármögnuðu eitt blómlegasta tímabil listasögunnar.

Á ákveðnum tímamarki kom fram sú krafa í nafni listarinnar að ríkisvaldið styrkti listafólk svo það losnaði undan hæl auðs og aðals. Svo var gert til að standa vörð um hlutleysi listamanna. Enginn efaðist um nauðsyn listarinnar, hvort heldur er fyrir efni né anda. En í þessu leynist einnig hætta. Listin má ekki heldur vera háð ríkisvaldinu frekar en aðlinum. Ef listin fer að ganga erinda viðtekinna skoðana og/eða ríkjandi stjórnvalda er voðinn vís. Þetta þekkjum við til dæmis úr Sovétríkjunum sálugu, þar sem rithöfundar og allir þeir listamenn sem voguðu sér að fylgja ekki flokkslínunni máttu búast við gúlagvist.

Þetta er með öðrum orðum langt því frá einfalt mál. Það eru rök fyrir því að ríkið komi að því að styrkja list og menningu en á móti kemur að ríkisstyrkir geta aldrei verið frumforsenda listar.

Í vikunni spratt enn og aftur upp umræða um ríkisstyrki til menningar eftir að Grímur Gíslason, miðstjórnarmaður í Sjálfstæðisflokknum, hélt því fram að verið væri að eyða 40-60 milljörðum af almannafé í styrki til menningarmála. Hann sagði að hægt væri að reka Landspítalann í heilt ár fyrir þennan pening og það vildi hann heldur gera. Eitthvað hafa tölurnar skolast til hjá Grími því samkvæmt skýrslu um hversu miklu fé hið opinbera ver til skapandi greina fara um tíu milljarðar króna í að styrkja það sem ríkið skilgreinir sem menningu og listir. Reyndar fer þriðjungur þeirrar upphæðar í Ríkisútvarpið sem rekur og sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Þá fer næstum þriðjungur í menningararfinn, Þjóðminjasafn og fleira, en kvikmyndir, tónlist, leikhús og bókmenntir fá það sem eftir stendur.

Um tíu þúsund manns vinna við þessa grein og samkvæmt öllum útreikningum er þegar allt er talið jákvæð framlegð af menningarstyrkjum. Talið er að menning í heild velti á annað hundrað milljörðum á Íslandi. Auðvitað má velta fyrir sér fyrirkomulaginu og sjálfsgætt að verja almannafé ekki í vitleysu. En það virðist augljóst að þessum tíu milljörðum er vel varið.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Vandræðalegheit

„Þetta mál er að verða frekar vandræðalegt. Í mínum huga er það alveg ljóst að þegar Alþingi ályktar í þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að gera eitthvað, einstökum ráðherra eða ríkisstjórninni í heild sinni, þá hefur löggjafarvaldið falið framkvæmdarvaldinu að vinna að einhverju og framkvæmdarvaldið situr raunverulega í umboði löggjafarvaldsins.“ Þetta sagði Ragnheiður Ríkhaldsdóttir formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins í útvarpsþættinum Sprengisandi í gær um meðferð ríkisstjórnarinnar á þingsályktunartil-

lögunnar varðandi aðildarumsókn Íslands að ESB.

#### Gjái innan stjórnarliðsins

Orð Ragnheiðar, sem hefur að vísu tjáð sig með sama hætti margoft áður, sýna fram á gjá innan stjórnarsamstarfsins sem varla er hægt að þræta fyrir til lengdar. Margir stjórnarþingmenn (þó þeir séu í minnihluta þar inni) vilja sannarlega fylgja ályktuninni eftir, ljúka viðræðum og bera fullgerðan samning undir þjóðina. Ef forsvaramenn stjórnarflokkanna eru annarrar skoðunar þarf



að höggva á hnúttinn og renna nýrri þingsályktun í gegn til að frysta viðræðurnar eða hætta alfarið við þær.

#### Par sem fegurðin ein ríkir

Ljött er annars að heyra, líkt og segir á vefsíðu Miss World, að femínistar geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að grafa undan fegurðarsamkeppnum hér á landi. Það er sannarlega skömm að því að fullveðja einstaklingar skuli taka meðvitaða ákvörðun um að stika ekki um sýningarpalla þar sem þeir eru metnir eftir handahófskenndum fegurðarviðmiðum, bara sökum breyttra samfélagslegra viðmiða.



thorgils@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



17. maí 2014

## Marapón á Kínamúrnum

Heilt marapón, hálf marapón og 8,5 km hlaup

Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 10. september kl. 17:30 í húsakynnum Bændaferða, Síðumúla 2.

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK



## Leikvöllur orðsins

### MENNING



Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarness

Í dag er Bókasafnsdagurinn haldinn hátíðlegur um allt land undir yfirskriftinni Lestur er bestur – spjaldanna á milli.

Tilgangurinn með deginum er m.a. að vekja athygli á mikilvægi bókasafna í samfélaginu en Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, mun af þessu tilefni opna nýjan upplýsingavef, bokasafn.is, sem mun hýsa grunnupplýsingar um öll bókasöfn landsins.

Almenningsbókasöfn í landinu hafa í vaxandi mæli lagað starfsemina að óskum og þörfum gesta sinna. Þau taka virkan þátt í tæknivæðingunni, bregðast við nýjum miðlunarleiðum og hafa frumkvæði í skapandi starfi og fjölbreyttri afþreyingu. Bókasafn samtímans er þannig virk menningarstofnun þar sem listviðburðir og margbreytilegar upptökur eiga sér stað.

Stjórnendur og starfsmenn bókasafna leggja metnað í að heildarupplifun gesta sé innihaldsrík og þægileg og aðgangur að upplýsingum sé auðveldur. Heimilislegt andrúmsloft einkennir mörg bókasöfn í dag, þar sem börn eiga sitt leikhorn og gestir fá sér kaffisopa yfir eftirlætislesefni sínu.

Bókasafn Seltjarnarness er eitt þeirra safna sem lagt hafa áherslu á að auka þjónustu við gesti og stuðlað að góðu aðgengi fyrir nærumhverfið. Það er í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur og Bókasafn

→ Bókasafn Seltjarnarness er eitt þeirra safna sem lagt hafa áherslu á að auka þjónustu við gesti.

Mosfellsbæjar um lán og skil á bókum. Korthafar sem kaupa kort hjá Bókasafni Seltjarnarness eða samstarfssöfnun geta því nýtt þau í öllum söfnunum þremur og útibúum þeirra. Þessi aukna þjónusta hefur leitt til þess að stór hópur viðskiptavina Bókasafns Seltjarnarness er íbúar sem búsettir eru í miðbænum og Vesturbænum og færa sér í nyt gott og opið aðgengi að safninu.

Í tilefni af Bókasafnsdegnum hefur starfsfólk bókasafna staðið fyrir vali á upphaldshandbókinni sinni og verða niðurstöðurnar kynntar í dag. Í Bókasafni Seltjarnarness verða vinsælustu titlarnir kynntir og þeim stillt upp. Einnig efnir safnið til skapandi leiks sem felst í því að svara spurningunni „Hvað er bók?“. Svareð getur verið í bundnu eða óbundnu máli, myndmáli eða öðru sem viðkomandi kemur til hugar. Allir þátttakendur fá að launum lítið kver þar sem öllum hugmyndum og svörum hefur verið safnað saman. Fjölmörg bókasöfn bjóða upp á dagskrá í tilefni dagsins, sjá nánar á upplýsing.is.

Leikvöllur orðsins er á bókasafninu – njótum þess.



# Roðhundarökræða

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Rúmlega sextíuþúsund Íslendingum getur varla skjáttast – eða hvað? Flugvöllurinn skal áfram vera í Vatnsmýrinni vegna nálægðar við Landspítalann – svölítið eins og frátekið stæði fyrir „Landsbyggðina“ við spítalann, ef eitthvað skyldi koma upp á. Gagnvart þessum spítalarkökum eru fylgismenn þess að flytja flugvöllinn eiginlega alveg ráðþrota, því að hver vill halda því að fram mannlíf sé minna virði en skipulagsvald Reykvíkinga í eigin landi?

## Að urra hvert á annað

Minna heyrir rætt um hættu sem fylgir aðflugi yfir fjölmennri byggð; þar sem jafnvel kunna að vera mannlíf í húfi. Minna er yfirleitt um að rök með og á móti séu vegin og metin af yfirvegun enda er það gjarnan svo í umræðu hér á landi að harðbannað er að horfa á rök með og á móti. Hér er stunduð roðhundarökræða: fólk stendur á sínu andspænis hvert öðru eins og hundar á roði og urrar hvert á annað.

Í þessari flugvallarumræðu er þannig nokkuð áberandi það sjónarmið að „hinum“ komi þetta hreinlega ekkert við og eigi ekki að hafa neitt um þetta að segja: talsmenn þess að flytja flugvöllinn hneykslast á því að fólk í fjarlægum stöðum skuli vilja taka sér þetta vald yfir því hvernig skipulagi skuli háttáð í miðri Reykjavík, en flugvallarsinnar tala stundum eins og Reykvíkingum komi þetta mál eiginlega ekkert við því að Reykjavík sé höfuðborg alls landsins og hafi skyldur sem slík; eins og þetta sé gjaldið sem hún þurfi að greiða fyrir það að svo margt fólk vilji búa það. Hefur svo hver sitt roð að japla á.

En þetta er í eðli sínu þannig mál að það hefur ýmsar hliðar – satt að segja eru öll álitamál þannig, að þau hafa fleiri en eina hlið. Það hlýtur að vera verkefni fyrir skóla landsins að kenna krökkum að vega og meta mál út frá ólíkum sjónarhólum, í stað þess að temja sér strax roðhundarökræðuna. Að undanfögnu hefur slík samræðulist – að urra hvert á annað – orðið sérlega áberandi í opinberri umræðu, þar sem menn gera sér að leik að slengja á „andstæðinginn“ sífellt fráleitari ávirðingum og er meginmarkmiðið að ergja hann, koma honum úr jafnvægi, fá hann til að segja eitthvað ámóta kjánalegt. Menn uppskera einhvers konar endemisfrægd fyrir að ná að ganga fram af sem allra flestum, fá uppslátt í fjölmiðlum og klapp á bakið fyrir vasklega framgöngu í leðjuslag þjóðfélagsumræðunnar. Undirliggjandi er svo að þetta „hafi nú ekki verið þannig meint“. Takist að valda öðrum uppnámi horfa viðkomandi hróðug í kringum sig og fyllast barnslegri gleði yfir því að hafa náð að spæla einhvern. Þessar daglegu spælingar yfir ímyndaðar víglínur eru að verða þjóðarból.

## Hvað hefði orðið?

Sjálfur verð ég að játa að ég er illa að mér í flugvallarfræðum og hef ekkert marktækt fram að færa í þessari umræðu. Ég er hvorki landsbyggðarmaður né borgarabúi og því ekki ástríðufullur áhangandi skoðunar í þessu máli. Gagnvart spítalarkökum setur mann vissulega hljóðan þó að maður hefði haldið að ein-

hvern veginn væri hægt að leysa slíkt úrlausnarefni með umsvifaminni hætti. Það er óneitanlega spennandi tilhugsun að geta skipulagt slíkt landflæmi inni í miðri borg, og dæmin sanna að þétting byggðarinnar er til þess fallin að bæta líf borgaranna. Mér hefur hins vegar stundum orðið hugsað til þess hvað hefði nú gerst ef flugvöllurinn hefði verið fjarlægður um aldamótin og þeim þanka fylgja vissar efasemdir. Hvernig liti svæðið út núna? Ætli byggingarverktakar hefðu ekki keypt þar allar lóðir á stjarnfræðilegu verði eftir langa röð braskara sem hver og einn hefði sprengt upp verðið á „hinu verðmæta landi“ og síðan hefðu þeir farið byggja eftir útboð þar sem sá fær verkið sem býður lægst, lofar að gera allt sem ódýrast af því lóðin var svo dýr – og þar með nánast verið

að tryggja óvönduð vinnubrögð – nýtingarhlutfall hefði ráðið för með tilheyrandi möndli þar sem neðsta hæð er kölluð kjallari og efsta hæðin kölluð ris; þarna hefðu risið ógnarháar og ljótar blokkir með þessari grásvörtu góðærisklæðningu sem lætur húsin líta út eins og akfeitán bankamaður – þær stæðu þarna ferkantaðar, þungbúnar og gleðisnaugar – tilsýndar eins og Mordor, og bara fyrir vansæla milljónamæringa að búa þarna af því að lóðirnar voru svo dýrar á hinu „verðmæta landi“. Og það er alltaf rigning og rok. Og í hlaðinu í röðum þessir svörtu jeppar sem líta út eins og skriðdrekar.

Þetta er kannski full svartsýnt innlegg í flugvallarumræðuna, enda bara umhugsunarefni frá manni sem stendur á lengdar og klórar sér í hausum yfir því hvaða læti þetta séu eiginlega í

fólki. Þau sem láta sig dreyma um að fjarlægja flugvöllinn sjá fyrir sér eitthvað allt annað: þekkilig og lágrest timburhús með litlum garði, börnin kát í París og snú-snú meðan pabbi og mamma hjóla hjá á leið úr vinnunni eða til skósmiðsins á torginu, brakandi hvítur þvottur blaktir á snúrum, matarilmur í loftinu frá ítölsku fjölskyldunni sem rekur litla veitingastaðinn á horninu en frá markaðstorginu skammt frá berast hrópin frá grænmetissalanum: Nýjar agúrkur! Nýjar hreðkur! meðan harmonikkannun dunar frá honum Pepe sem er með hattkúfinn sinn fyrir framan sig en Unnur óperusöngkona æfir skala fyrir konsert morgundagsins á númer fimm og sólin stráir geislum sínum yfir hið góða líf.

Af hverju er það svona erfitt að hafa þetta svona?

„Að undanfögnu hefur slík samræðulist – að urra hvert á annað – orðið sérlega áberandi í opinberri umræðu, þar sem menn gera sér að leik að slengja á „andstæðinginn“ sífellt fráleitari ávirðingum og er meginmarkmiðið að ergja hann, koma honum úr jafnvægi, fá hann til að segja eitthvað ámóta kjánalegt.“

## Skuldabréf FÍ Fasteignafélags slhf.



FASTEIGNAFÉLAG

Birthing lýsingar

Útgefandi: FÍ Fasteignafélag  
slhf., kennitala: 571212-0210,  
Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

FÍ Fasteignafélag hefur birt lýsingu sem samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, dagsett 6. september 2013. Lýsingin er birt í tengslum við fyrirhugaða töku skuldabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Lýsingin er gefin út á íslensku. Útprentuð eintök af lýsingunni má nálgast á skrifstofu útgefanda að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík í 12 mánuði frá birtingu hennar. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu félagsins, [www.fifasteignir.is](http://www.fifasteignir.is).

### Nafnverð útgáfu:

Útgefandi hefur safnað áskriftarloforðum frá fjárfestum fyrir 9.925.000.000 íslenskra króna í samræmi við ákvæði samþykkt og skilmála félagsins. Á grundvelli fyrrgreindra áskriftarloforða skuldbinda fjárfestar sig til þess að fjárfesta í i) hlutabréfum og ii) skuldabréfum útgefnum af útgefanda. Útgefanda mun þannig vera heimil útgáfa skuldabréfa á grundvelli áskriftarloforðanna fyrir allt að 7.940.000.000 íslenskra króna. Þegar hafa verið gefin út og seld skuldabréf að nafnvirði 414.661.198 íslenskra króna.

### Áætluð taka skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf:

Áætluð dagsetning töku bréfanna til viðskipta er 13. september 2013. Áætlað er að NASDAQ OMX Iceland hf. taki til viðskipta þegar útgefin og seld skuldabréf að fjárhæð 414.661.198 íslenskra króna að nafnvirði.

### Skilmálar skuldabréfa:

Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysliverðs og bera fasta 5,0% vexti. Vextir greiðast fjórum sinnum á ári, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember, af verðtryggðum höfuðstól, en höfuðstóll greiðist á lokagjalddaga þann 1. ágúst 2028. Útgáfudagur bréfanna var 20. júlí 2013. Fyrsti greiðsludagur vaxta er 1. ágúst 2014.

### Auðkenni skuldabréfaflokksins:

Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. verður FIF 13 01, ISIN númer bréfanna er IS IS0000022770. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í 1. kr. nafnverðseiningum.

Reykjavík, 9. september 2013  
Stjórn FÍ Fasteignafélags slhf.

mpbanki



## MERKISATBURÐIR

- 1000** Svoldarorrusta er háð á Eystrasalti og þar fellur Ólafur Tryggvason.
- 1087** Vilhjálmur rauði verður konungur Englands.
- 1208** Víðinesbardagi er háður í Hjaltadal. Höfðingjar sækja með mikinn her að Guðmundi góða Arasyni, biskupi á Hólum. Í þessum bardaga fellur Kolbeinn Tumason.
- 1877** Þingeyrakirkja, sem Ásgeir Einarsson alþingismaður lét reisa, er vígð.
- 1905** Sogsbrú, 38 metra löng og 2,5 metra breið hengibrú, er vígð. Um 1000 manns eru viðstaddir vígsluna.
- 1913** Íþróttafélagið Þór er stofnað í Vestmannaeyjum.
- 1914** Orrustunni við Marne lýkur.
- 1942** Breskum flugmanni tekst á síðustu stundu að beina flugvél sinni frá húsi í Elliðaárdalnum er hann brotlendir þar í kartöflugarði.
- 1998** Háhyrningurinn Keikó kemur til Vestmannaeyja.



**LANDSBÓKAVÖRÐUR** Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir segir bókasöfn landsins kappkosta að veita sem besta þjónustu og nýta tækninýjungar.

## Velja uppáhalds handbókina sína

Íslensk bókasöfn halda upp á bókasafnsdaginn í dag í tengslum við Alþjóðadag læsis. Þetta er í þriðja sinn sem dagurinn er haldinn og í ár er lögð áhersla á mikilvægi og margbreytileika íslenskra bókasafna.

Á Íslandi eru nú um 300 opinber bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar. Starfsemi þeirra er afar fjölbreytt og þau þjóna ólíkum notendahópum,“ segir Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. „Stærð safnanna er afar misjöfn, sum eru með nokkur hundruð rit, en önnur ráða yfir miklu magni bóka og ýmis konar gagna. Sum söfnin þjóna afmörkuðum hópum eins og Hljóðbókasafn Íslands, en önnur þjóna heilu byggðarlögum, eins og Amtsbókasafnið á Akureyri sem þjónar íbúum bæjarins og raunar landinu öllu með ýmsum hætti.“

Ingibjörg segir mikinn metnað meðal starfsmanna bókasafna og alltaf sé verið að leita leiða til að bæta þjónustuna og nýta nýjustu tækni. „Meðal starfsfólks bókasafnanna hefur ævinlega verið lögð mikil áhersla á samstarf og að finna leiðir til að veita betri þjónustu. Og þrátt fyrir fjölbreytileikann, mismunandi starfsemi og ólíka notendahópa hefur tekist að þróa merkilegar vefþjónustur sem eru mikið notaðar. Þekktust þeirra er líklega Gegnir sem er sameiginlegt bókasafnskerfi fyrir allt landið og rekið af Landskerfi bókasafna. Þar er meðal annars hægt að sjá öll þau gögn sem bókasöfnin eiga og hvort þau séu til útláns. Annað þekkt verkefni er Landsaðgangurinn eða hvar.is, þar sem allir landsmenn hafa aðgang að rúmlega 20.000 erlendum vísinda- og fræðatimaritum, auk gagnasafna og alfræðiritna á borð við Encyclopedia Britannica. Vel yfir milljón greinar voru sóttar í þetta efni á síðasta ári.“

Í tilefni dagsins mun starfsfólk bókasafna velja uppáhalds handbókina sína. Ingibjörg segir að birtur verði listi yfir vinsælustu titlana. „Við hvetjum fólk til að fylgjast með því og öðru því sem bókasöfnin hafa upp á að bjóða, en allar upplýsingar um starfsemi þeirra er að finna á bokasafn.is.“

- fsb



Elsku mamma mín,  
systir okkar og mágkona,

### SVALA HELGADÓTTIR

sem lést 31. ágúst síðastliðinn verður jarðsungið frá Digraneskirkju þriðjudaginn 10. september kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á minningarsjóð líknardeildar Landspítalans eða önnur líknarfélög.



**Helga Sigríður Bööðarsdóttir**  
**Erla Helgadóttir**  
**Valur Helgason**

**Haukur Helgason**  
**Örn Helgason**

**Sverrir Guðmundsson**  
**Ásta Gísladóttir**  
**Hulda Kristín Brynjúlfssdóttir**  
**Eyrún Kjartansdóttir**  
**Elísabet Hannam**


## ÞETTA GERÐIST 9. SEPTEMBER 1956

# Elvis kemur fram í þætti Eds Sullivan

Á þessum degi árið 1956 kom Elvis Presley fram í bandaríska sjónvarpsþættinum Toast of the Town hjá Ed Sullivan. Presley, sem þá var talinn rísandi stjarna, söng lögin Don't Be Cruel og Hound Dog. Presley hafði í öðrum sjónvarpsþáttum og á tónleikum hneykslað áhorfendur með kynsandi mjaðmahnykkjum sínum. Fyrir vikið hafði Sullivan lýst því yfir að

hann myndi aldrei leyfa Presley að syngja í þætti sínum.

Snerist honum þó hugur þegar hann sá hversu vinsæll kóngurinn var orðinn. Með frammistöðu sinni í þætti Ed Sullivan varð Presley endanlega að stórstjörnu í Bandaríkjunum og þótt víðar væri leitað. Átti sú stjarna eftir að skína skært allt þar til hann lést árið 1977.



# Með fæturna sinn hvoru megin við Atlantshafið

Ólafur Gunnarsson er bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2013. Það er þó ekki eina upphæðin sem hann hlýtur þessa dagana því von er á úrvali smásagna hans í amerískri útgáfu og vinna við handrit kvikmyndar eftir Öxinni og jörðinni er komin á skrið.

Þetta er mjög ánægjulegt,“ segir Ólafur Gunnarsson rithöfundur sem á dögnum var útnefndur bæjarlistamaður Mosfellsbæjar árið 2013. „Þetta inniber ákveðna fjárhæð sem samsvarar fjögurra mánaða launum og að verk mín verða kynnt í bókasafninu í Mosfellsbæ. Sú kynning stendur yfir betri hluta næsta árs. Kvaðirnar eru ekki aðrar en þær að ég mun mæta og lesa upp úr verkum mínum.“

Hvað ertu annars að fást við þessa mánuðina? „Núna er ég í miðju kafi að lesa prófarkir af smásagnasafninu mínu sem á að koma út í Ameríku seinna á þessu ári eða í upphafi þess næsta. Þar fyrir utan er ég að semja nýja skáldsögu. Smásagnasafnið er að hluta til úr safninu Meistaraverkið en auk þess völdu þeir Gaga, stuttu nóvelluna mína sem kom út árið 1984.“

Hvaða forlag gefur þetta út? „Það heitir New American Press og er kúltúrforlag sem þrír rithöfundar reka. Þetta er ekki stórt forlag en það nýtur talsvert meiri virðingar en stærðin gefur til kynna, sennilega af því að það eru höfundar sem reka það.“

Ólafur er með fleiri járn í eldinum í Ameríku því eins og kunnugt er er hafinn undirbúningur að gerð kvikmyndar eftir verðlaunaskáldsögu hans Öxinni og jörðinni. Á hvaða stigi er sú vinna? „Hún er að komast á skrið. Ég er að aðstoða enskan handritshöfundur við skrif handritsins. Þetta tekur allt óratíma. Ef það er eitthvað sem fer hægar á jörðinni en snigillinn þá er það ferlið frá bók og upp á kvikmyndatjaldið. Þessi handritshöfundur er reyndar enginn aukvisi,



**MÖRG SPIJÓT Á LOFTI** Ólafur les nú prófarkir af smásagnasafni sínu fyrir Ameríkumarkað auk þess að vinna að kvikmyndahandriti eftir Öxinni og jörðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hann skrifaði handritið að sjónvarpsþáttunum Tudor og kvikmyndahandritið að myndinni Elizabeth frá 1996.“

Leikstjórnin er heldur ekki af verri endanum því það er sjálfur Shekhar Kapur sem einmitt leikstýrði Cate Blanchett í Elizabeth. „Sögutími Axarinnar og jarðarinnar er einmitt í stórum dráttum sá sami og þeirrar myndar og það er langt síðan Kapur lýsti yfir áhuga á að gera mynd eftir bókinni,“ segir Ólafur.

Þú ert sem sagt að slá í gegn beggja vegna Atlantshafsins? „Nei, það held ég nú ekki. Ég held að eini íslenski rit-

→ Sögutími Axarinnar og jarðarinnar er einmitt í stórum dráttum sá sami og myndarinnar um Elizabeth og það er langt síðan Kapur lýsti yfir áhuga á að gera mynd eftir bókinni.

höfundurinn sem hægt er að tala um að hafi slegið í gegn í útlöndum sé Arnaldur vinur minn Indriðason. En þetta er voða gaman og hver veit nema þetta bjóði upp á skemmtileg ferðalög í framtíðinni. Það nægir mér alveg.“ fridrikab@frettabladid.is

# Deyjum eins og blómin

Sigrún Sigurðardóttir frá Möðruvöllum hefur opnað málverkasýningu í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju. Hún segir myndlistina mestu guðsgjöf.

„Ég byrjaði að mála 1998. Þá var ég stödd suður á Spáni. Sonur minn bjó þar og ég var hjá honum. Ég var mikið ein heima en það voru litir og strigi á borðstofuborðinu og ég fór að fikta. Þegar sonurinn sá til mín varð hann alveg undrandi og sagði: „Mamma, þú getur bara málað.“ Síðan hef ég verið óstöðvandi og mér finnst það ein mesta guðsgjöf sem ég hef hlotið.“

Þannig lýsir Sigrún Sigurðardóttir frá Möðruvöllum tildrögum þess að hún hóf að fást við listmálun. Afrakstur þeirrar iðju sýnir hún um þessar mundir í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju.

Sigrún var sjúkraliði í 37 ár. Hún vann til 74 ára aldurs og var þá búin að kynna myndlistinni. Það er hún þakklát fyrir. „Í stað þess að verða einmana og þunglynd er ég bara glöð og ánægð innan um litina,“ segir hún og geislar.

Blóm eru áberandi í myndum Sigrúnar. „Mér þykir jafnvænt um manneskjurnar og blómin og ferðalag okkar er svo líkt. Við byrjum sem



**VIÐ TRÖNURNAR** „Í stað þess að verða einmana og þunglynd er ég bara glöð og ánægð innan um litina,“ segir Sigrún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fræ og vöxum upp, þegar við höfum sprungið út hefst hnignunin og svo deyjum við eins og blómin.“

Sýningin stendur til 13. október og er opin virka daga frá 11 til 16 og á sunnudögum frá 12 til 15. - gun



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GRAND PRIX

Árið 1957 kynnti Arne Jacobsen nýjan stól til sögunnar sem bar heitið Model 3130. Þegar stóllinn hlaut Grand Prix-verðlaunin á hönnunarsýningu í Milanó festist nafnið við hann.

## HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel uppá rafgeyminn í vetur.



12V 4A

12V 0,8A

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



## SVAR VIÐ ÖLLU

**HEIMILI** Eydís Rósa Eiðsdóttir hússtjórnarkennari er ný forstöðukona Leiðbeiningastöðvar heimilanna. Hún heldur mikið upp á saumakassa ömmu sinnar en segist ekki komast í hálfkvisti við hana í handavinnunni.

Ömmu féll aldrei verk úr hendi og hún var jafnvíg á allt, þrjónaskap, fatasum, hekl og útsaum. Ég kemst ekki með tærnar þar sem hún hafði hælana," segir Eydís Rósa Eiðsdóttir, hússtjórnarkennari og glæný forstöðukona Leiðbeiningastöðvar heimilanna.

Saumakassi ömmu Eydísar er í miklu uppáhaldi hjá henni enda geymir hann fjársjóði sem halda minningu dugmikillar hannyrðakonu á lofti. Kassinn er frístandandi og nýttist sem lítið hliðarborð og er í fullri notkun enn í dag.

„Í skúffunum eru enn þá útsaumsmyndir og garn frá ömmu, þrjónarnir hennar, uppskriftir og fleira. Sjálf geymi ég handavinnuna mína í skúffunum, tvinna og rennilása og ýmislegt," segir Eydís. „Eins voru snyrtivörurnar hennar ömmu í skúffu, sjálsagt síðan um stríð! Dætrum mínum fannst alltaf gaman að skoða í skúffurnar, enda geymir þessi hirsla sögu og minningar.“

Eydís tók við starfi forstöðukonu Leiðbeiningastöðvar heimilanna í lok ágúst en stöðin er rekin af Kvenfélaga-sambandi Íslands. Nýja starfið leggst vel í hana og hún segir þjónustu sem þessa síður en svo úrelta, hún fái fjölda fyrirspurna á hverjum degi.

„Ég fæ daglega ótrúlega margar fyrirspurnir og um mismunandi málefni. Ég hef til dæmis fengið fyrirspurn um það hvað þurfi að kaupa mikið í vögguset. Einnig er mikið spurt um hvernig ná eigi blettum úr fötum og nú er talsvert spurt út í sultugerð. Við fáum líka mikið af fyrirspurnum um heimilistæki en Leiðbeiningastöðin er áskrifandi að fagtímaritum sem gera kannanir á því hvernig heimilistæki standa sig.“

Það er því ljóst að verksvið Eydísar spannar vítt svið. Hefur hún svar við öllu? „Ég mun allavega leggja metnað í að finna svar við öllu.“

**HÚSSTJÓRN** Eydís Rósa Eiðsdóttir tók við starfi forstöðukonu Leiðbeiningastöðvar heimilanna á dögnum. Þótt hún segist ekki komast í hálfkvisti við ömmu sína þegar kemur að hannyrðum mun hún finna svar við öllum fyrirspurnum. MYND/STEFÁN

**HEIMASÍÐA STÖÐVARINNAR** www.leidbeiningastod.is senda má fyrirspurnir á lh@leidbeiningastod.is

■ heida@365.is

## Lyftarar á hagstæðu verði

Úrval af tjökkum og trillum



Léttu þér störfin...



**Ísold ehf.**  
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík  
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á  
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00



**Reverie**

Vönduð stillanleg heilsudýnu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Fyrsta sending seldist strax upp! Kíktu á www.reverie.com



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt er að fá búnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigetna 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausar greiðslur\*

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

Frábært tilboð

REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm Verð aðeins kr. 379.900.-

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm Verð aðeins kr. 249.900.-

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm Verð aðeins kr. 499.900.-

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm Verð aðeins kr. 369.900.-

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:

# App sem þú þarft

Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann




**FRÉTTABLAÐIÐ**




**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

**Umboðsmenn um land allt**

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
Foreldrar eru megin ábyrgð á aðstoðu af ískólagangum, andlegum og fæðingum þess barns sína.



# ALLIR ÚT AÐ GANGA

**LABBAÐ Í SKÓLANN** Nemendur í grunnskólum landsins eru hvattir til að labba í skólann næstu vikurnar þegar átakið Göngum í skólann stendur yfir.

Átakið Göngum í skólann hófst í síðustu viku og stendur yfir allan septembermánuð. Átakið snýr að grunnskólum landsins og er markmið þess einkum tvíþætt; annars vegar að auka hreyfingu og heilbrigði nemanda og hins vegar að auka meðvitund um öryggismál og umhverfsvitund kringum grunnskóla landsins. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) leiðir átakið í samvinnu við fjölmarga aðila og er þetta sjöunda árið í röð sem það er haldið hér á landi að sögn Örvars Ólafssonar, verkefnastjóra hjá ÍSí. „Göngum í skólann er í raun alþjóðlegt verkefni sem hófst árið 1976 í bænum Óðinsvéum í Danmörku eftir að mörg börn höfðu látist þar í umferðarslysum. Opinberir aðilar tóku höndum saman og nokkrum árum síðar hafði slysum fækkað um 85%. Átaksverkefnið breiddist síðan út til fleiri landa og þegar við tókum fyrst þátt var það orðið alþjóðlegt. Meginmarkmið er að hvetja nemendur og foreldra til að ganga, hjóla eða fara á annan virkan hátt til og frá skóla.“

Í ár taka yfir 60 grunnskólar þátt sem er um þriðjungur allra grunnskóla landsins. „Þátttökuskólum hefur fjölgað jafnt og þétt milli ára en fyrsta árið tóku 26 skólar þátt. Því er beint að nemendum skólanna en ekki síður foreldrum og starfsmönnum skólanna. Margir skólar hafa til dæmis sent hvatningarbref til foreldra og útskýrt átakið og hvatt þá áfram. Í tengslum við átakið höfum við sett upp vefinn [www.gongumiskolann.is](http://www.gongumiskolann.is) og þangað hafa skólarnir sent okkur fjölmargar sögur af því hvernig þeir hafa útfært átakið hjá sér. Sumir skólar hafa skipulagt fjallgöngur en aðrir hafa jafnvel skipulagt kröfugöngur.“

Lokadagur átaksins er 2. október en þá er alþjóðlegur dagur átaksins. „Nær öll lönd halda átakið í október en vegna birtu- og veðurskilyrða höfum við haldið átakið í september. Margir skólarnir skipuleggja eitthvað sérstakt þann daginn og senda okkur sögur sem við birtum á vefnum.“

Samstarfsaðilar ÍSí eru Embætti landlæknis, Ríkislögreglustjóri, Samgöngustofa, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Heimili og skóli og mennta- og menningaráðuneytið. ■ [starri@365.is](mailto:starri@365.is)

skóla landsins. „Þátttökuskólum hefur fjölgað jafnt og þétt milli ára en fyrsta árið tóku 26 skólar þátt. Því er beint að nemendum skólanna en ekki síður foreldrum og starfsmönnum skólanna. Margir skólar hafa til dæmis sent hvatningarbref til foreldra og útskýrt átakið og hvatt þá áfram. Í tengslum við átakið höfum við sett upp vefinn [www.gongumiskolann.is](http://www.gongumiskolann.is) og þangað hafa skólarnir sent okkur fjölmargar sögur af því hvernig þeir hafa útfært átakið hjá sér. Sumir skólar hafa skipulagt fjallgöngur en aðrir hafa jafnvel skipulagt kröfugöngur.“

Lokadagur átaksins er 2. október en þá er alþjóðlegur dagur átaksins. „Nær öll lönd halda átakið í október en vegna birtu- og veðurskilyrða höfum við haldið átakið í september. Margir skólarnir skipuleggja eitthvað sérstakt þann daginn og senda okkur sögur sem við birtum á vefnum.“

Samstarfsaðilar ÍSí eru Embætti landlæknis, Ríkislögreglustjóri, Samgöngustofa, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Heimili og skóli og mennta- og menningaráðuneytið. ■ [starri@365.is](mailto:starri@365.is)

**HVATNING**  
„Meginmarkmið er að hvetja nemendur og foreldra til að ganga, hjóla eða fara á annan virkan hátt til og frá skóla.“ segir Örvar Ólafsson, verkefnastjóri hjá ÍSí.  
MYND/VILHELM

**WEEKEND**

MaxMara

**NÝ SENDING AF VETRARVÖRUM!**

Opið laugardaga 12:00 – 15:00

**B/A/S/L/E/R Parisar** TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



## Meira blóðflæði

### Betri líðan betri heilsa

Eftir fertugt framleiðir líkaminn mun minna **Nitric Oxide SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, 30% æðaútvíkkun, 30% meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, 20% meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta-æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, Þynnku, astma, lungnaþembu. Ríkt af andoxunarefnum.

**Nitric Oxide Nóbelsverðlaun 1998 Sameind ársins 1992**




**SUPERBEETS Rauðrófukristall**  
100% lífrænt og því fullkomlega öruggt 30 daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni. Bætt blóðflæði 30 min eftir inntöku.

**Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur**  
Hvað gerir **VIAGRA - SILDENAFIL**  
The release of nitric oxide molecules causes erection.

**Fæst í apótekum, heilsuþúðum, World Class og Sportlíf**

Umboð: [www.vitex.is](http://www.vitex.is)



## VITRA FESTIR KAUP Á ARTEK



**ALVAR AALTO**  
Svissneska hönnunarkerfið Vitra hefur eignast finnska húsgagnafyrirtækið Artek en meðal stofnenda þess var arkitektinn Alvar Aalto. Vitra keypti Artek af svissneska fjárfestingarfélaginu Proventus, sem yfirtók meirihluta í Artek árið 1992 af fjölskyldu stofnendanna. Forsvarsmenn Artek segja sölnuna tengjast því að gera merkið meira áberandi á alþjóðlegum vettvangi. Ekki er talið að miklar breytingar verði á rekstri Artek við sölnu. Fyrirtækin tvö voru þegar í nokkuð góðu samstarfi þar sem

Artek var dreifingaraðili fyrir húsgögn frá Vitra í Finnlandi. Artek var stofnað árið 1935 af Alvar Aalto og eiginkonu hans Aino, listfrömuðinum Maire Gullichsen og listfræðingnum Nils-Gustav Hahl. Undirstaða fyrirtækisins var hönnun Aaltos en mörg húsgögn sem hann hannaði eru enn framleidd í dag. Artek framleiðir þó ekki aðeins gamla hönnun Aalto. Nýlega fékk fyrirtækið réttinn á húsgögnum eftir finnska hönnuðinn Ilmari Tapiovaara. Hin síðari ár hefur Artek átt í samvinnu við fræga nútímahönnuði á borð við Shigeru Ban og Naoto Fukasawa.



**ARMCHAIR 41** Stóll sem Aalto hannaði fyrir Paimio-heilsuhælið árið 1932.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, [kolli@365.is](mailto:kolli@365.is), s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggtur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggtur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggtur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggtur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariúson  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

## 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

### Seilugrandi 7, 1.hæð

Opið hús í dag mánudaginn 9.sept. frá kl. 18:00 - 19:00.



Um er að ræða 52 fm 2ja herbergja íbúð á 1.hæð, íbúð fylgir gott stæði í bílskúli. Sér afgirt verönd. Öll sameign til fyrirmyndar bæði úti og inni. V. 20,9m.

Nánari upplýsingar  
veitir Ellert í s: 893-4477



Ingólfur Gissurarson lgt.  
